

Við sluppum

Árni H. Kristjánsson er elstur fimm systkina sem ólust öll að miklu leyti upp á stofnunum, þar á meðal vöggustofum Reykjavíkurborgar. Árni segir þau systkini hafa sloppið ágætlega, en meðferðin hafi haft skelfilegar afleiðingar fyrir flesta. Eins hafi mæður í bágri stöðu verið beittar þrýstingi til að afsala sér börnum sínum. ► 16



Tíu ár frá voðaverkunum í Útey

Aud Lise Norheim, sendiherra Noregs, segir nauðsynlegt uppgjör nú eiga sér stað. ► 20



Stækkuðu sjálfið

Kolbrún Björnsdóttir gekk Laugavegin með átta börn, foreldra og ömmur. ► 22




Féll fyrir Völuspá

Jón Gnarr féll fyrir krafti Völuspár sem hann flytur í Landnámssetrinu. ► 28

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ÞAÐ MÁ SKIPTA UM SKOÐUN

Þú hefur 30 daga til að ákveða þig. Sjá nánar á elko.is/skilarettur.





Bilarnir voru stórskemmdir.

MYND/MARCIN KOZACZEK

Styttist í banaslys

ingunnlara@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Íbúi í Mývatnssveit segir aðstæður á vegum þar stórhættulegar. Tvær fjölskyldur lentu í árekstri austan við Námaskarð í gær. Ítali var lagður inn á sjúkrahús með áverka á bringu og fótlegg.

„Þetta var harkalegur árekstur en ég hef séð verri slys á þessu svæði,“ segir Marcin Kozaczek, slökkviliðsmaður og íbúi á Mývatni.

Marcin segir nær alla vegi á Norðurlandi eystra bjóða hættunni heim. „Vegirnir eru holóttir og ferðamenn keyra um þessi vegi á fullri ferð og eru margir teknir fyrir hraðakstur. Ég fer kannski tíu sinnum á dag til að hreinsa vegina og á meðan við reynum að hægja á umferð koma ferðamennirnir á fleygiferð og gefa manni puttann.“

Aðspurður segir Marcin veginn frá Mývatni að Jökulsá á Fjöllum vera sá hættulegasti á Íslandi. „Fjölskyldurnar sluppu til allrar lukku ómeiddar eftir slysið í gær. En ef þessir vegir eru ekki teknir í gegn þá getum við átt von á banaslysi.“ ■

Flækjustig á flugvællinum



„Þessi smit sem eru að dreifast núna frá landamærunum eru aðallega frá Íslendingum,“ segir Þórólfur Guðnason sóttvornarlæknir, sem boðar tillögu um hertar sóttvornaraðgerðir á landamærunum. Enn hefur ekki verið opnað fyrir sjálfsmatritun á Keflavíkurflugvelli. Allir farþegar þurfa að sýna PCR-próf eða bólusetningavottorð. Miklar raðir myndast því farþegar geta heldur ekki fengið rafrænan flugmiða í símann og farið beint í öryggisleit. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Stanslaus straumur upp turninn á ný og Hallgrímskirkja réttir úr kútnum

svavamarin@frettabladid.is

FERÐAMENN „Ferðamönnum hefur fjölgað og við finnum gríðarlegan mun þar sem stanslaust streymi er í kirkjunna,“ segir Sigríður Hjálmsdóttir, framkvæmdastjóri Hallgrímskirkju.

Hallgrímskirkjusókn varð fyrir miklu tekjufalli í heimsfaraldrinum, einna helst vegna hruns í ferðamannastraumi til landsins. Tekjur af aðgangseyri, sem gestir sem fara upp í Hallgrímskirkjuturn eru rúkaðir um, hafa verið helsta tekjulind kirkjunnar undanfarin ár. Námu tekjur þessar um það bil 200 milljónum króna árið 2016, að því er fram kom í frétt í Fréttablaðinu það ár.

Eins og Fréttablaðið greindi frá



Sigríður Hjálmsdóttir, framkvæmdastjóri Hallgrímskirkju.

í fyrrasumar var Hallgrímskirkjusókn eina kirkjusóknin á lista Vinnuálastofnunar yfir fyrirtæki með fleiri en sex starfsmenn, sem nýttu hlutabótaleið stjórnvalda.

Sigríður segir að fjölgað hafi verið í starfslíði kirkjunnar á ný.

„Við höldum eftir tveimur kirkjuvörðum sem voru á hlutabótaleið, en þau eru komin í hundrað prósent vinnu aftur, sem og tveir nýir starfsmenn sem voru ráðnir.“ ■

Enginn veit hversu margir eru dánir eftir hamfarirnar

„Fólk veit ekki hvort vinir og vandamenn hafi verið í húsum sem eyðilögðust,“ segir Kristín Halldórsdóttir, sem býr á flóðasvæðunum í Þýskalandi. Minnst 120 eru látnir eftir hamfarirnar í vestanverðri Evrópu. Í héraðinu Ahrweiler eru allt að þrettán hundruð manns ófundnir.

gar@frettabladid.is
thorgrimur@frettabladid.is

HAMFARIR „Það eru allir mjög slegnir og mikið óvissuástand. Heilu þorpin hafa verið rýmd,“ segir Kristín Halldórsdóttir, sem býr í Königswinter Oberpleis nærri Bonn og ekki langt frá Ahrweiler, Euskirchen, Erftstadt og Schuld, sem urðu einna verst úti í hamfarafloðunum sem kostað hafa yfir eitt hundruð manns lífið í Þýskalandi.

„Fólk veit ekki hvort vinir og vandamenn hafi verið í húsum sem eyðilögðust og fólk sé látið þar eða í fríi í útlöndum. Enginn veit í rauninni enn þá hvað margir létust,“ segir Kristín.

Að því er Kristín segir er rafmagn og símasamband ýmist ekki gott eða algjörlega farið.

„Þar sem straumur fór af öllu þurfti að flytja alla sjúklinga úr sjúkrahúsi á annað sjúkrahús. Það þurfti að bera sjúklingana í rúmum niður stiga því lyftur virkuðu ekki. Í fréttunum var viðtal við gamla konu sem líkti eyðileggingunni við ástandið í seinni heimsstyrjöldinni,“ segir Kristín, sem segir úrkomuna hafa verið gífurlega. „Ég er búin að búa hér síðan 1993 og aldrei upplifað aðra eins rigningu. Það varð allt á floti hér á augabragði.“

Að minnsta kosti 120 manns hafa látist í Vestur-Evrópu vegna hamfarafloðanna, þar af hundruð í Þýskalandi og tuttugu í Belgíu. Flóð-



Byggingar og bílar í bænum Schuld í Þýskalandi illa leikin. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Í fréttunum var viðtal við gamla konu sem líkti eyðileggingunni við ástandið í seinni heimsstyrjöldinni.



Kristín Halldórsdóttir í Königswinter Oberpleis.

in hafa einnig náð til Lúxemborgar og Hollands. Rín og fleiri stórfljót hafa flætt yfir bakka sína vegna mestu úrhellisrigningar síðustu öldina og hafa valdið gríðarlegri eyðileggingu. Yfirvöld í Þýska sambandsríkinu Rínarlandi-Pfalz segja að allt að 1.300 manns séu ófundnir eftir hamfarir í héraðinu Ahrweiler.

Filippus Belgakonungur fór í heimsókn til bæjarins Chaudfontaine, sem hefur orðið fyrir gríðarlegu tjóni vegna flóðanna, á fimmtudaginn til að votta hinum látnu virðingu sína ásamt Matthildi Belgadrottningu. „Við erum enn að bíða eftir endanlegu mati en þessi flóð kunna að vera þau verstu sem landið okkar hefur nokkurn tímann orðið fyrir,“ sagði forsætisráðherrann, Alexander De Croo.

Frank-Walter Steinmeier, forseti Þýskalands, taldi að flóðin væru loftslagsbreytingum um að kenna. „Við getum aðeins haldið böndum á atburðum sem þessum þegar ráðumst í aðgerðir gegn loftslagsbreytingum.“ Loftslagsvísindamenn eru á sama máli um að aukinn hiti geti leitt til aukinnar og ofsafengnari úrkomu. ■



KRÍT

23. JÚLÍ - 03. ÁGÚST

FLUG OG GISTING VERÐ FRÁ:

95.900 KR.*

*Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 1 BARN.
FLUG, GISTING, INNRIÐAÐUR FARANGUR

FLUG EINGÖNGU VERÐ FRÁ:

69.900 KR.

BEINT FLUG FRAM OG TIL BAKA.
FLUG, SKATTUR OG HANDFARANGUR

WWW.UU.IS | HLÍÐASMÁRI 19, 201 KÓP. | 585 40000 | INFO@UU.IS



Lokafrestur til að skila ársreikningi er til 31. ágúst 2021

- Forráðamenn félaga sem ekki hafa nú þegar skilað ársreikningi eru hvattir til að bregðast skjótt við og senda ársreikning rafrænt. Frestur til að halda aðalfund og skila ársreikningi rennur út átta mánuðum eftir lok reikningsárs. Senda skal inn til opinberrar birtingar þann ársreikning sem staðfestur var á aðalfundi félagsins. Óheimilt er að breyta eða fella niður neinar upplýsingar í þeim ársreikningi sem sendur er inn til opinberrar birtingar.
- Örfélög geta nýtt sér Hnappinn að því tilskyldu að þau hafi skilað skattframtali. Ef félag nýtir sér Hnappinn þá er ársreikningi skilað með aðstoð Skattsins. Ekki er heimilt að staðfesta hefðbundinn ársreikning á aðalfundi félags en senda svo inn hnappsreikning í stað þess reiknings sem staðfestur var á aðalfundi.
- Hægt er að ganga úr skugga um hvort að ársreikningi hafi verið skilað á vefnum *skatturinn.is*.

Sekt vegna vanskila er 600.000 kr. og leggst á eftir 31. ágúst.



Mikið fuglavarp er í Gróttu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Lokun í Gróttu framlengd út júlí

adalheidur@frettabladid.is

NÁTTÚRUVERNÐ Umhverfisstofnun mun framlengja lokun Gróttu í Sel-tjarnarnesbæ fyrir umferð gesta til 31. júlí og biður fólk að virða viðkvæmt fuglavarp á svæðinu um þessar mundir. Um skyndilokun á svæðinu er að ræða, að því er segir á vef Umhverfisstofnunar.

Svæðið í Gróttu er skilgreint sem friðland og samkvæmt auglýsingu er umferð óviðkomandi bönnuð frá 1. maí til 15. júlí. Umhverfisstofnun hefur hins vegar ákveðið að framlengja þá lokun um hálfan mánuð, vegna hættu á verulegri röskun á fuglalífi ella. ■

Flestir keyra enn í vinnuna

thorgrimur@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Stærstur hluti Íslendinga ferðast til vinnu eða skóla á einkabíl, samkvæmt Þjóðarpólí Gallup sem birtur var í gær. Alls nýta um þrjár fjórðungar landsmanna sér þennan ferðamáta, en aðrir fara fótgangandi, á reiðhjól eða með almenningsamgöngum. Niðurstöðurnar eru í takti við það sem mældist í sams konar könnun fyrir þrettán árum.

Konur virðast ólíklegri en karlar til að ferðast til vinnu eða skóla á reiðhjól. Einnig er talsverður munur eftir aldurshópum, en fólk yfir fimmtugu er líklegra en hið yngra til að fara fótgangandi og fólk undir fertugu líklegra til þess að nýta sér aðra ferðamáta. Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru líklegri til að keyra en landsbyggðarfólk, en íbúar miðbæjarins nota þó bíla í mun minna mæli en aðrir borgar-búar. ■

Ólympíuleikar geti dreift miklu smiti eins og EM

fanndis@frettabladid.is

COVID-19 Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir hefur ekki sérstakar áhyggjur af þátttöku Íslands í Ólympíuleikunum í Japan, sem hefjast næsta föstudag.

Neyðarástandi hefur verið lýst yfir víða í Japan vegna stöðu faraldursins í landinu. Nýlega var tilkynnt um fleiri smit þar á einum degi en greinst hafa í landinu í sex mánuði.



Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir.

„Þetta eru bara keppendur og fólk í kringum þá sem er að fara. Þetta er ekki stór hópur og allir bólusettir. Þannig að ég hef engar sérstakar áhyggjur af því fyrir okkur, en auðvitað eru margar þjódur sem hafa áhyggjur af því,“ segir Þórólfur.

Aðspurður um hættuna sem af því stafar að stefna fólki alls staðar að á einn stað, nefnir Þórólfur nýlökun Evrópumót í knattspyrnu sem dæmi. „Það var mikil smitupp-

spretta þar. Það var til dæmis mikill fjöldi Finna sem fór til Sankti Pétursborgar á völinn og smitaðist þar og kom til baka með smit,“ segir hann.

Ísland hafi heldur ekki farið varhluta af þessu.

„Nú höfum við séð að fólk sem fór héðan á úrslitaleikinn í Lundúnum, helgina sem úrslitaleikurinn var, kom til baka með smit. Allar svona samkomur geta verið uppspretta fyrir mikla dreifingu.“ ■

Ísland þarf að framleiða rafeldsneyti

Þrátt fyrir að notkun rafmagns sem orkugjafa sé ákjósanlegust, er það ekki alltaf raunhæft eða tæknilega mögulegt. Ráðgjafarfirmar tækið Ice Fuel hefur unnið skýrslu sem snýr að fýsileika framleiðslu rafeldsneytis hér á landi.

thg@frettabladid.is

ORKUMÁL Eina leiðin til að uppfylla markmið og skyldur Íslands í loftslagsmálum, felst í orkuskiptum í samgöngum. Mikilvægt er að hefja strax framleiðslu eldsneytis með rafgreiningu, sama hvort það heitir vetni, metan, metanól eða hefðbundin hráolia. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýlegri skýrslu Ice Fuel, sem unnin var fyrir hönd Þróunarfélags Grundartanga.

Í skýrslunni kemur fram að rafmagn sé ávallt besti valmöguleikinn sem orkugjafi samgöngu- og farartækja. Hins vegar sé það ekki alltaf raunhæft og því sé nauðsynlegt að byggja upp framleiðslu á rafeldsneyti hér á landi.

Í skýrslunni er rafeldsneyti skilgreint sem „kolefnishlutlaus orkugjafi sem nýtist til samgangna eða þar sem ekki er fýsilegt að nota rafmagn beint“, en þar er vísað til metanóls, metans, vetnis eða jafnvel bensíns sem unnið er með rafgreiningu, knúinni af endurnýjanlegri orku. Til þess er Fischer Tropsch-efnahvarfið notað.

Sú tækni sem nýtt er til að framkalla Fischer Tropsch-efnahvarfið er ekki ný af nálinni. Til að mynda nýttu þjóðverjar sömu aðferð til að búa til hráolíu úr kolum í síðari heimsstyrjöldinni. Á Íslandi yrði hins vegar hrein orka nýtt til að búa til bensín, dísilolíu og einna helst flugvélaeldsneyti úr vetni og kolmónoxíði, sem að sögn Bjarna Más Júlíussonar, framkvæmdastjóra Ice Fuel, yrði kolefnishlutlaus framleiðsla.



Þróunarfélags Grundartanga lét vinna skýrslu um framleiðslu rafeldsneytis.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Fyrir okkur Íslendinga er mjög mikilvægt að hefja þessa vegferð í orkuskiptum fyrr en síðar. Ekki síst til að tryggja orkuöryggi.



Bjarni Már Júlíusson, framkvæmdastjóri Ice Fuel.

„Það er ekki einhver ein tegund rafeldsneytis sem passar fyrir allar samgöngur á sjó, landi og í lofti. Það þarf mismunandi lausnir fyrir mismunandi samgöngumáta. Það er til að mynda óraunhæft að skipta út fiskiskipum og flugvélum til skemmri tíma,“ segir Bjarni. Ammoníak mætti til dæmis nota sem orkugjafa fraktskipa. „Fiskiskipin eru hins vegar full af græjum og mannskap. Sem stendur myndi ammoníak ekki ganga á fiskiskip, rúmál þess er tvöfalt meira en olíu sem notuð er á skip í dag.“

Bjarni bendir á að öll teikn séu á lofti um það að jarðefnaeldsneyti verði bannað í Evrópu fyrir 2050.

„Fyrir okkur Íslendinga er mjög mikilvægt að hefja þessa vegferð í orkuskiptum fyrr en síðar. Ekki síst til að tryggja orkuöryggi, sem er undirstaða annarra mikilvægra

þátta, eins og matvælaöryggis. Vetnið er þó grunnurinn að þessu öllu, vegna þess mikla aðgengis að endurnýjanlegri orku sem við búum yfir á Íslandi,“ segir Bjarni.

Í ljósi þess að almenn rafmagnsnotkun á Íslandi hefur um langa hríð verið knúin af hreinni orku, hefur Ísland í raun enga aðra kosti en að leggja mikla áherslu á orkuskipti í samgöngum, til að ná þeim markmiðum sem liggja fyrir í Parísarsáttmálanum.

„Framleiðsla rafeldsneytis hér á landi er eina leiðin til að ná markmiðum okkar í kolefnishlutleysi. Vegna þess að við erum svo óheppin, ef svo má að orði komast, að fyrri orkuskipti við kyndingu og annað slíkt geta ekki farið fram, við getum því ekki dregið úr losun þar. Samgöngur eru það eina þar sem við getum bætt okkur í raun og veru.“ ■

ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500

VERÐ FRÁ 7.421.210 KR. ÁN VSK.
9.202.300 KR. M/VSK.

BREYTINGAVERKSTÆÐI ÍSBAND,
SMÍÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í
BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.

BJÓÐUM UPP Á 37" - 40" BREYTINGAPAKKA

BÍLL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MED 35" BREYTINGU

Rýming

Troðfull verslun af merkjavöru frá eftirtöldum verslunum

herra
GARÐURINN

-klæðir þig vel

KRINGLAN / SMÁRALIND

568 9234

544 2410

BOSS
HUGO BOSS

BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

Mathilda

Kringlunni 552 8600

HANZ

KRINGLUNNI

567 0120

COLLECTIONS

Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg

ENGLABÖRNIN

falleg fót á stelpur og stráka...



Herra
lagerinn
outlet

70%

afsláttur af öllum vörum

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512



Gestir snúa aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Eiffelturninn opnaður á ný

thorgrimur@frettabladid.is

FRANKLAND Eiffelturninn í París var opnaður fyrir almenningi í gær eftir að hafa staðið lokaður í níu mánuði.

Frá því að sala hófst á aðgangsmiðum í turninn í byrjun júní hafa 70 þúsund miðar selst fram til loka ágúst.

Þrátt fyrir opnunina verður aðeins helmingstíðni mögulegra gesta leyfður í turninum á dag vegna sóttvarnareglna um hámarksfjölda fólks í lyftum í Frakklandi. Munu því um 13 þúsund manns á dag geta heimsótt turninn.

Grímuskylda verður þó í gildi fyrir gesti yfir ellefu ára aldri og frá 21. júlí verður gestum gert að framvísa bólusetningarvottorði. ■

Bólusettur vann milljón dollara

gar@frettabladid.is

BANDARÍKIN Bifvélavirki í South King-sýslu í Washington var dreginn út í bólusetningarhappdrætti Washington-ríkis og er orðinn milljón dollurum ríkari.

Vélvirkinn, sem aðeins er nefndur Kameron M., kom fram á blaðamannafundi með Jay Inslee ríkisstjóra. „Hann fær milljón dollara ávísun en hann hefur sjálfur gert sitt fyrir Washington-ríki, sem er að láta bólusetja sig og bjarga þannig lífi annarra,“ sagði ríkisstjórinn að því er fram kom á vef The Seattle Times. Milljón dalir eru jafnvirði 124 milljóna króna.

Áður höfðu verið dregnir út fjórir 250 þúsund dollara vinningar í bólusetningarhappdrættinu, sem var komið á fót til að hvetja almenning til að láta bólusetja sig gegn Covid-19. Af öðrum vinningum í happdrættinu má nefna námsstyrki, flugmiða, aðgöngumiða að íþróttaviðburðum og tölvuleiki. ■

Tvö ísraelsk flugfélög hefja flug til Íslands

mhj@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Ferðamenn frá Ísrael voru þeir einu sem heimsóttu Ísland í meira mæli í vor en vorið 2020. Um fjórfalt fleiri Ísraelar heimsóttu Ísland á tímabilinu janúar til júní í ár en á sama tímabili í fyrra, samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu.

Alls fóru 1.129 Ísraelar í gegnum Keflavíkurflugvöll á tímabilinu en einungis 277 í fyrra. Á sama tímabili fækkaði ferðamönnum frá öllum öðrum löndum.

Árangur Ísraels og Íslands í bólu-

setningum spilar þar líklegast stærstan hlut, en í janúar 2021 var tilkynnt að Ísraelar hefðu bóluset rúmlega milljón manns.

Tvö ísraelsk flugfélög ætla að fljúga til Íslands það sem eftir er af sumri og má því búast við að ferðum Ísraelsmanna til Íslands fjölgi enn. Fyrsta flugvél ísraelska flugfélagsins El Al lenti á Keflavíkurflugvelli síðdegis á fimmtudaginn, en hún kom frá frá Tel Aviv.

Ferðin var sú fyrsta af fimm hjá félaginu til Íslands í sumar, með hóp ferðafólks frá Ísrael.



Vaxandi straumur ferðamanna er nú á Keflavíkurflugvelli.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

El Al bætist þannig í hóp tuttugu flugfélaga sem þegar hafa hafið flug til og frá Keflavíkurflugvelli í sumar.

Þann 27. júlí næstkomandi bætist annað ísraelskt flugfélag, Arkia, í hópinn. Arkia flýgur fimm ferðir með ísraelska ferðahópa til landsins fram til 31. ágúst.

Hvorugt flugfélagið hefur flugið áður til Keflavíkurflugvallar. Búast má því við að ísraelskum ferðamönnum á Íslandi haldi áfram að fjölga. Af þeim 1.129 Ísraelum sem heimsóttu landið í vor voru um 900 í síðasta mánuði. ■

Uppnám í flokknum vegna Þorsteins

Margir Miðflokksmenn eru reiðir Þorsteini Sæmundssyni fyrir að beita sér gegn ungri konu sem til stóð að tæki við af honum sem oddviti í Reykjavík. Sjálfur segir hann lýðræðið hafa sigrað á félagsfundum sem felldi tillögu uppstillingarnefndar.

adalheidur@frettabladid.is

arib@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Mikil ólga er nú innan Miðflokksins eftir að félagsfundur felldi tillögu uppstillingarnefndar um framboðslista í Reykjavíkurborgardæmi suður fyrir komandi alþingiskosningar.

Tillagan fól í sér að Fjöla Hrund Björnsdóttir, framkvæmdastjóri þingflokks Miðflokksins, yrði oddviti í kjördæminu. Sitjandi þingmaður kjördæmisins, Þorsteinn Sæmundsson, hafði gefið kost á sér til að leiða listann, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var hann ekki á lista uppstillingarnefndar.

Heimildir blaðsins herma að stuðningsmenn og fjölskylda Þorsteins hafi fjölmennt á félagsfundinum til að fella listann. Féllu atkvæði á fundinum þannig að fjórtán vildu styðja staðfesta listann, en þrjátíu greiddu atkvæði gegn honum.

Formaður kjördæmafélagsins í Reykjavíkurborgardæmi suður, segir ekki liggja fyrir hvað gerist næst í framboðslistamálu, og hvort uppstillingarnefndin haldi áfram störfum og skili nýjum lista. „Það sem gerist núna er að stjórnið hittist og ræðir málið. Svo sendum við eitthvað frá okkur þegar við höfum tekið ákvörðun.“

Niðurstaða félagsfundarins kom flestum í opna skjöldu, þrátt fyrir að ljóst hafi verið að tveir vildu leiða listann. Herma heimildir blaðsins að



Þorsteinn Sæmundsson er ekki tilbúinn að hætta í stjórn málu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Þetta mál beinist ekki gegn neinum og allra sist Fjölu Hrund, sem er stórkostleg kona.

Þorsteinn Sæmundsson alþingismaður.

allt leiki á reiðiskjálfi innan flokksins og flokksmenn séu ósáttir við framgöngu Þorsteins. Fjöla er hins vegar mjög vinsæl í flokknum og af mörgum sem Fréttablaðið ræddi við, talin einn allra öflugasti liðsmaður flokksins. Þá herma heimildir einn-


ig að mjög hafi verið þrýst á hana að þiggja oddvitasæti og því mikið áfall að hún fái þessa útreið á félagsfundum. Eins og Fréttablaðið hefur áður fjallað um hafa framámennt í flokknum unnið sérstaklega að því að auka hlut kvenna í framvarðasveit flokksins.

Sjálf segist Fjöla Hrund ekkert vita um framhaldið. „Það sem gerist er að uppstillingarnefnd kemur fram með ákveðinn lista. Það var skýr áhugi meðal flokksmanna að það yrðu breytingar,“ segir hún og bætir við: „Þarna var kynntur nýr, öflugur listi, en sitjandi oddviti fór þá leið að fella listann, sem er afar sjaldgæft.“

Þorsteinn segir aftur á móti að þetta sýni að lýðræðið sé virkt í Miðflokki. „Stuðningsmenn mínir voru ekki ánægðir með minn hlut

og nýttu sér sinn lýðræðislega rétt til að gera athugasemdir,“ segir Þorsteinn og telur að málið muni leysast og flokkurinn koma sterkari fram en áður.

„Þetta mál beinist ekki gegn einum né neinum og allra sist Fjölu Hrund Björnsdóttur, sem er stórkostleg kona,“ segir Þorsteinn, sem hefur ekki í hyggju að hætta í stjórn málu á næstunni. „Ég hef margoft lýst því yfir að ég vilji leiða þennan lista áfram. Landssamband eldri borgara hefur kallað eftir því að fólk á þeim aldri sé í áhrifastöðum í flokkunum, ég er 67 ára gamall og flokkurinn getur svarað þessu kalli. Ég á líka eftir að klára ýmis mál, ég tel að þegar allt kemur til alls verði Miðflokkurinn með stefnu í málu eldra fólks líkt og enginn annar.“ ■



Mikið úrval til af gólfteppum á lager

Kíktu við og saman finnum við draumateppið á stigann þinn. Helstu eiginleikar gólfteppanna okkar eru mýkt, hlýleiki og mikil gæði.



Finndu okkur á Facebook!
facebook.com/Parki.interiors

Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi | 595 0570

KRÓNAN

Mmm ...

Allt svooo gott og gómsætt á grillið!

KVEIKJUM Á SUMRINU



Grænn aspas í búnti

899 kr. pk.



Grænmeti með mozzarella

1099 kr. pk.



Sætar kartöflur 400 g

998 kr. pk.



Grænmetisturnar með parmesan

1389 kr. pk.



Saffran kjúklingur

2499 kr. kg



Ferskir maísstönglar

199 kr. stk.



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Viðspyrnan



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Það er lyginni líkast að Ísland skuli vera komið á þann stað að hafa nær lokið bólusetningu allra þeirra sem til stóð að bólusetja. Öll sú framkvæmd er þeim sem að henni komu til sóma. Það skal viðurkennt að ekki leit vel út með aðgang að bóluefni framan af, en margt lagðist okkur til. Samflot með Evrópuríkjum reyndist farsælt og ákvarðanir ríkja í grenndinni um að nota ekki hin og þessi bóluefni urðu til þess að meira kom í okkar hlut.

Það er sömuleiðis lygilegt hversu öflug viðspyrna efnahagslífsins ætlar að reynast, aðeins örfáum mánuðum eftir að tugþúsundir manna gengu um atvinnulausir og fyrirtæki sem áður stóðu í fullum blóma, felldu lauf og lognuðust út af í dvala. Þó enn séu allt of margir atvinnulausir gátu fáir séð þetta fyrir.

Götur miðborgarinnar hafa tekið stakkaskiptum á aðeins örfáum vikum og eru nú óðum að fyllast af erlendum ferðamönnum og gaggandi hjólatöskum. Forsvarsmenn bílaleiga vitna um góða bókunarstöðu og sums staðar í dagatalinu er uppselt. Þessir erlendu gestir fara nú um allt land og glæða efnahag gístaða, veitingahúsa og ferðamannastaða lífi á ný eftir fimbulvetur.

Fólk streymir af atvinnuleysisráðum og nýverið kom fram að hlutfall atvinnulausra hafi fallið úr 9,1 prósent í maí, niður í 7,4 prósent í júní. Atvinnulausum hafi því fækkað um rúmlega þrjú þúsund á einum mánuði.

Í frétt Fréttablaðsins í vikunni kom fram að Ferðamálastofa geri ráð fyrir að ferðamannafjöldinn á Íslandi verði svipaður í ágúst mánuði og var fyrir faraldurinn. Þær áætlanir ganga út á að 200 þúsund erlendir ferðamenn heimsæki Ísland í ágúst. Þá sé ráð fyrir því gert að 890 þúsund erlendir ferðamenn samtals sæki landið heim á árinu og verði um tvær milljónir á því næsta.

Þær verða varla öflugri viðspyrnurnar, verði sú raunin. En þetta er ekki vandalaust. Ásberg Jónsson, forstjóri ferðabjónustufyrirtækisins Nordic Visitor, sagði í viðtali í Markaðinum í vikunni að ýmis vandkvæði fylgi því að ferðabjónustan hrökkvi svo snögglega í gang.

„Það má segja að það sé umframeftirspurn eftir því að ferðast til Íslands, sem virðisdeðjan nær ekki að anna. Það vantar bílaleigubíla, erfiðlega gengur að ráða starfsfólk og ekki er hægt að skipuleggja stórar hópferðir með skömmum fyrirvara. Mörg fyrirtæki eru löskuð og eiga erfitt með að koma sér í gang,“ segir Ásberg. Hann segir að nú berist bókanir með stuttum fyrirvara. „Allt tekur lengri tíma. Það er töf á svörum frá birgjum, flug frestast, og fólk er þínu ryðgð eftir langt tímabil í dvala. Það er gríðarlegt álag á starfsfólki í greininni þessa dagana.“ Þetta eru ljúfsár fréttir.

En mitt í öllu þessu er hollt að minnast þess sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn benti á í skýrslu sinni í vor um stöðu landsins, að of mikil áhersla á ferðabjónustu hafi verið einn helsti veikleikinn þegar faraldurinn brast á. Fleiri hafa tekið í sama streng.

Þótt við fögnum komu erlendra ferðamanna á ný, þá ber brýna nauðsyn til að við finnum fleiri körfur til að setja egginn okkar í. Þekking og færni íslensks vinnuafns er mikil, en þau verðmæti sem sköpuð eru í öðrum greinum en ferðabjónustu eru ekki samsvarandi.

Að því þarf að huga. ■

”
Götur miðborgarinnar hafa tekið stakkaskiptum á aðeins örfáum vikum og eru nú óðum að fyllast af erlendum ferðamönnum og gaggandi hjólatöskum.

■ Gunnar



■ Mín skoðun

Óvarleg orð



Sif Sigmarsdóttir

Slúður hefur á sér illt orð. Árið 2019 fór bæjarstjóri á Filippseyjum í herferð gegn lausmælgí í umdæmi sínu. Ramon Guico III gerði sér lítið fyrir og bannaði slúður í bænum Binalonan. Þeir sem gerðust sekir um að skiptast á sögum um nágrannann – hver var skuldum vafinn, hver átti í framhjáaldi með hverjum – fengu sekt og urðu að sópa götur bæjarins eitt eftirmiðdegi.

Bæjarstjórnin er ekki eini krossfarinn sem hefur ásett sér að fægja almennan orðróm. Við Íslendingar eigum okkar eigin Ramon Guico III. Lögmaðurinn Vilhjálmur Vilhjálmsson II er ötull baráttumaður fyrir ömpýðri orðræðu. Hann hefur nú tekið upp á sína arma tónlistarmanninn Ingó Vedurguð sem „leitar réttar síns gagnvart þeim sem hafa farið óvarlegum orðum um hann á internetinu undanfarnar vikur“, eins og segir í frétt um málið.

Þeir Ramon og Vilhjálmur ganga vafalaust hrekklausir fram í hreinsunum sínum. En þótt baráttan gegn slúðri kunni við fyrstu sýn að virðast baráttu góðs gegn hinu illa kemur annað í ljós ef betur er að gáð.

Ljón í leyni

Fyrir 100.000 árum byggðu jörðina að minnsta kosti sex mismunandi afbrigði manna. Nú lifir þar aðeins eitt. Homo sapiens.

Fyrir 70.000 árum átti sér stað stökkbreyting í heila Homo sapiens, sem gerði honum kleift að tjá sig með mun víðfeðmari hætti en aðrar dýrategundir. Með tungumálinu gat maðurinn skipst á upplýsingum um aðsteðjandi hættur, sem hjálpuðu honum að lifa af: Hvar lá ljón í leyni? Hvaða sveppategundir voru eitradar?

Svo kann þó að vera að það hafi verið annars konar upplýsingagjöf sem olli því að maðurinn lifði ekki aðeins af, heldur varð að endingu drottari jarðar.

Sagnfræðingurinn og metsölhöfundurinn Yuval Noah Harari heldur því fram í met-

sölubók sinni, Sapiens, að lykillinn að yfirburðum mannkynsins hafi verið geta hans til að mynda stór samfélög, þorp, bæi og borgir. Í veröld þar sem samfélagið lá til grundvallar því að einstaklingurinn lifði af, var mikilvægara að vita hver í bænum átti í deilum við hvern og hver var heiðarlegur og hver ekki, en upplýsingar um hvar ljónið vappaði þá stundina. Styrkur hins viti borna manns fólst í hæfileika hans til að slúðra.

Harari er ekki einn um þá skoðun að slúður sé undirstaða mannlegs samfélags. Þróunarsálfræðingurinn Robin Dunbar hefur gert víðtækar rannsóknir á slúðri. Hann telur slúður hafa haft mikilvægu hlutverki að gegna þegar fámennir hópar veiðimanna og safnara urðu að stórum samfélögum fólks sem þekktist ekki innbyrðis. Ekki aðeins var slúður gagnlegt fyrir einstaklinginn sem fékk upplýsingar um hverjum var treystandi og hvern bar að varast, án þess að þurfa að hafa persónuleg kynni af viðkomandi. Slúður setti samfélaginu einnig leikreglur, svo að öllum var ljóst hverslags hegðun þótti ásættanleg og hvað þótti ekki í lagi.

Þar með er gagnsemi slúðurs þó ekki talin. Bianca Beersma, félagsálfræðingur við háskóla í Amsterdam, segir slúður veita aðhald. Hún stóð að rannsókn þar sem þátttakendur köstuðu teningi og unnu fé. Því hærri tölu sem þeir sögðust hafa fengið því hærri upphæð unnu þeir. Aðstæður voru með þrennu móti: 1) Ekki var fylgst með teningakastinu svo þátttakandi gat svindlað að vild. 2) Fylgst var með en trúnaði heitið. 3) Fylgst var með og þátttakanda sagt að upplýsingum um framferði hans gæti verið deilt með öðrum.

Í ljós kom að þótt fylgst væri með fólki svindlaði það ekkert síður. Þegar þátttakendur áttu hins vegar á hættu að framferði þeirra yrði á milli tannanna á fólki, snarminnkaði svindlið.

Slúður þykir ekki fint. Staðreyndin er hins vegar sú að baráttu gegn slúðri er baráttu gegn siðmenningunni. ■

STERKARI LAUSNIR

STEYPUSTÖÐIN
STERKARI LAUSNIR

www.steypustodin.is Sími: 4 400 400

Einfalt að skipta. Erfitt að snúa aftur.

Prófaðu Kia e-Niro 100% rafbíl
með 455 km drægi.



Movement that inspires

Kia e-Niro er kraftmikill og einstaklega rúmgóður borgarjeppingur með allt að 455 km akstursdrægi og 80% hleðslu á 42 mínútum. Rúmgott 451 l farangursrými hentar vel á ferðalögum. Einnig fylgir Niro hin einstaka 7 ára verksmiðjuábyrgð Kia.


Kia e-Niro er besti rafbíllinn í sínum flokki, skv. áreiðanleikakönnun J.D. Power.

Kia e-Niro 39 kWh verð frá:

4.990.777 kr.

Afborgun á mánuði 34.735 kr.**

Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

 Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir
allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánar á askja.is/hleðslulausnir



**m.v. 50% ámborgun og lín til 84 man. Vextir 4.40%, heildargreðsla útskr. er 4.63%.

*Þróendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuaðili sem kaupandi ber ábyrgð á. Lesu ngráta um ábyrgðina á www.kia.com/ibyrgd.



Djokovic hefur verið óstöðvandi það sem af er ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Getur leikið eftir afrek Steffi Graf

kristinnpall@frettabladid.is

TENNIS Tenniskappinn Novak Djokovic tilkynnti á fimmtudagskvöld að hann myndi taka þátt í Ólympíuleikunum í Tókýó fyrir hönd Serbíu. Djokovic hafði áður gefið það út að hann væri ekki viss hvort hann myndi gefa kost á sér svona stuttu eftir Wimbledon, en hann á enn eftir að vinna Ólympíugull.

Takist Djokovic að vinna til gullverðlauna á Ólympíuleikunum og á Opna bandaríska meistaramótinu í haust, nær Djokovic að taka gullslemmuna sem aðeins Steffi Graf hefur náð árið 1988, sem handhafi allra fjögurra risatitlanna og Ólympíugulls á sama tíma.

Djokovic vann 20. risamót sitt á dögnum og jafnaði með því við Roger Federer og Rafael Nadal, sem sigursælustu tennisspilurar sögunnar í karlaflokk. Djokovic getur um leið orðið fyrsti karlinn í 52 ár til að vinna alla risatitlana í tennis á sama ári, með sigri á Opna bandaríska. ■

Tveir til Ítalíu

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Íslendingainnrásin á Ítalíu heldur áfram, en í gær var staðfest að tveir leikmenn til viðbótar, Þórir Jóhann Helgason og Hjörtur Hermannsson, væru búnir að semja við ítölsku B-deildina. Undanfarna mánuði hafa ítölsk félög horft í auknum mæli til Íslands og er Þórir annar Íslendingurinn sem semur við Lecce á stuttum tíma.

Landsliðsmaðurinn Hjörtur kemur frítt til Pisa, eftir að samningur hans við Brøndby rann út en Lecce kaupir Þóri frá FH. ■



Frá síðasta Laugavegshlaupi, en hlauparar þurfa að hlaupa í ýmsum aðstæðum þessa 55 kílómetra. MYND/IBR/TORFI LEIFFSSON

Mikilvægt að stýra álaginu vel

kristinnpall@frettabladid.is

Fyrrum heimsmeistari í fjallahlaupum, Skotinn Andrew Douglas, keppir í Laugavegshlaupinu í fyrsta sinn í dag. Hann segir gott skipulag skipta öllu máli þegar kemur að fjallahlaupum en þetta verður fyrsta ofurhlaup hans.

UTANVEGAHLAUP „Ég er nú ýmsu vanur þegar kemur að veðráttu enda frá Skotlandi en auðvitað vonast maður til að veðrið verði í góðu lagi. Spáin er fín og ég er orðinn mjög spenntur fyrir þessu,“ segir skoski utanvegahlauparinn Andrew Douglas léttur í lund, í aðdraganda Laugavegshlaupsins þetta árið.

Andrew er að keppa í sínu fyrsta ofurhlaupi (e. ultra marathon) um helgina. Hann hefur keppt fyrir hönd Bretlands í fjallahlaupum á sex Evrópumótum og í sex heimsmeistarakeppnum.

Þar að auki hefur Andrew, sem keppir ýmist fyrir Skotland eða sameiginlegt lið Bretlands, borið sigur úr þytum í meistaramóti einstaklinga í Bretlandi í utanvegahlaupum fimm sinnum á síðustu sjö árum og vann

heimsmeistaramótið í fjallahlaupum (e. World Mountain Running Association World Cup) árið 2019.

„Ég er mjög spenntur að takast á við þetta. Þetta er ólíkt nokkru öðru hlaupi sem ég hef hlaupið, en eitthvað sem ég er mjög spenntur að takast á við. Þetta er fyrsta ofurhlaupið mitt og það er gott að gera það á jafn eftirminnilegum stað og Íslandi,“ segir Andrew, sem hefur heyrt góðar sögur af leiðinni.

„Yfirmaður skoska utanvegahlaupasambandsins, Angela Mudge, hafði orð á því að þetta væri afskaplega falleg braut að hlaupa. Auðvitað er það ákveðinn þröskuldur að fara í lengra hlaup en ég hef áður verið að hlaupa og ég verð að gæta þess að spara orku og brenna ekki of snemma út,“ sagði Andrew, um að hlaupa tæplega þrettán kílómetrum lengra en vanalega og í hlaupi sem hækkar um tíma um 500 metra og lækkar um 900 metra.

Alls eru 607 hlauparar skráðir í hið gríðarlega krefjandi Laugavegshlaup í ár, 227 konur og 380 karlar. Fimmtán prósent þátttakenda, eða 90, eru erlendir, flestir frá Bandaríkjunum.

Um tíma var um 50% þátttakenda erlendir hlauparar, að sögn Silju Úlfarsdóttur, upplýsinga- og



Þetta snýst að mörgu leyti um að vera vel undirbúinn og að stýra álaginu og hraðanum vel.



Andrew Douglas, alþjóðlegur utanvegahlaupari.

kynningarfulltrúa ÍBR, sem sér um hlaupið, en kórónaveiran setur strík í reikninginn. Keppendur eru af 21 þjóðerni. Silja segir ávallt mikinn áhuga erlendis frá.

Andrew átti erfitt með að tilgreina hvað þarf til að komast í fremstu röð í utanvegahlaupi, spurður um það hvað geri útslagið í fjallahlaupum.

„Allir sem njóta þess að hlaupa ættu ekki að finna fyrir miklum mun að hlaupa utanvega- eða fjallahlaup. Þetta snýst að mörgu leyti um að vera vel undirbúinn og að stýra álaginu og hraðanum vel. Það er ákveðin tækni í því að geta gengið hratt þegar aðstæðurnar eru þannig að það er orðið óskilvirkt að hlaupa vegna halla. Það er margt sem þarf að huga að.“

Undanfarnin ár hefur Þorbergur Ingi Jónsson verið í sérflokk hjá Íslendingum í hlaupinu í karlaflokk og á fjóra bestu tímama, en hann fær nú verðugan keppinaut í Andrew.

Í kvennaflokk tókst Rannveigu Oddsdóttur að bæta brautarmetið í fyrri, en Elisabet Margeirsdóttir, sem stefnir á heimsmeistaramótið í utanvegahlaupi síðar á þessu ári, mun meðal annars veita henni samkeppni. ■

pepsi
MAX
DEILDIN
AÐEINS 3.990 KR./MÁN.

SPORT

Tryggðu þér áskrift á **stod2.is**



**Fjölskyldan er betur
tengd í útilegunni
með Vodafone**



Óli Dóri segir viðskiptavini KEX sækja í lífandi stemningu.
FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Tíu ára gömlu KEXi fagnað



Arnar Tómas Valgeirsson
arnartomas
@frettabladid.is

Það verður að öllum líkindum mikið fjör á KEX Port úti-tónleikunum sem fara fram í dag. KEX hostel fagnar tíu ára afmæli þessa dagana og leggur áfram mikið upp úr lífandi stemningu.

Það eru yfir þúsund manns búnir að melda sig á Facebook svo við búumst við heljarinnar partíi," segir Óli Dóri, rekstrar- og viðburðastjóri hjá KEX Hostel, um KEX Port úti-tónleikana sem fara fram þar í dag. „Mætingin hefur alltaf verið mjög góð, en viðburðurinn hefur reyndar ekki verið haldinn í nokkur ár vegna framkvæmda.“

Umrætt port hefur farið í gegnum andlitslyftingu undanfarin ár og segir Óli Dóri að nú standi til að halda þar fjölbreytta dagskrá eins og þekktist þar áður. „Það myndaðist frábær stemning hjá okkur þegar við sýndum EM á risaskjá og almennt hefur stemningin í sumar verið mjög góð. Það er kannski ekki skritið þar sem mér finnst þetta vera eitt glæsilegasta útsvæðið í Reykjavík.“

Tónleikarnir í dag standa yfir frá klukkan 14 til 24 og koma þar fram einar tíu hljómsveitir og listamenn, auk þess sem boðið verður upp á léttar veitingar. „Við verðum að gefa þeim sem mæta fyrst eitthvað að borða og drekka, og svo er það bara stemning frá tvö til miðnættis," segir Óli Dóri.

Það er ákveðinn hátíðarbragur yfir viðburðinum í ár, þar sem um tíu ár eru liðin síðan KEX hostel var opnað. „Staðurinn var opnaður í apríl 2011 og frá upphafi var lagt upp með að vera með aðeins öðruvísi gistiheimili," segir Óli Dóri. „Þetta átti ekki bara að vera gistiheimili, heldur líka staður fyrir tónleika og alls kyns viðburði og KEX hefur þróast í takt við það og er í dag orðið að eins konar menningar-miðstöð. Við bjóðum upp á marga viðburði í viku og hlúum eins og við getum að grasrótinni. Margir af stærstu tónlistarmönnum Íslands



þegar ég ferðast sjálfur leita ég alltaf að stöðum þar sem er fólk, lífandi stemningu og viðburðum. Það er svipaður hópur sem við erum að fá hingað til okkar.

tóku sín fyrstu skref hér á KEX.“

Óli Dóri segir að menningarstefna KEX liti einnig út frá sér í kunnahóp gistiheimilisins. „Ferðalangarnir sem koma hingað vilja gista á lífandi stað," segir hann. „Þegar ég ferðast sjálfur leita ég alltaf að stöðum þar sem er fólk, lífandi stemningu og viðburðum. Það er svipaður hópur sem við erum að fá hingað til okkar.“

Rétt eins og á öðrum gististöðum landsins hefur líf verið að færast

yfir KEX með auknu streymi ferðamanna, en Óli Dóri segir að þó hafi tekist að halda dampi í faraldrinum. „Við náðum að vera með viðburði hjá okkur í samræmi við sóttvarnatáknmarkanir þar sem þetta er svo stór staður," segir hann. „Síðasta mánuðinn er þetta þó búið að stór- aukast og í dag er nóg að gerast hjá okkur. Við höfum verið með sumar-tónleikaröð og stefnum á að halda því áfram. Í nóvember verðum við svo með Airwaves-dagskrá, svo þetta heldur allt saman áfram. Við erum rétt að byrja.“ ■

Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir í portinu, sem er nú orðið hið glæsilegasta.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Teitur Magnússon.

Í sloppinn um síðsumar

„Ég er mjög vel stemmdur fyrir KEX Port," segir tónlistarmaðurinn Teitur Magnússon, sem kemur fram á KEX Port í dag. „Þetta er skemmtileg hátíð og alltaf vel að henni staðið.“

Teitur er KEXinu vel kunnugur og segir hann staðinn hafa tekið stakkaskiptum eftir faraldurinn. „Þetta er orðinn eins konar hverfis-pöbb fyrir mig," segir hann. „Það er búið að vera gaman að rölta úr Skipholtinu til að kíkja á tónleika og boltann og svona.“

Sumarið leggst annars vel í Teit, bæði sem listamann og fjölskylduföður. „Eftir KEX Port legg ég land undir fót og kíki á mánuðeginum norður á Siglufjörð og þaðan á Græna hattinn á Akureyri á fimmtudagskvöldinu," segir hann. „Ég spila svo á Innipúkanum um verslunarmannahelgina og fer þaðan að spila í Sólheimum í Grímsnesi og ætla að taka fjölskylduna með. Ég er svo að gefa út fleiri lög, þar á meðal síðsumarsmellinn Sloppinn, sem er væntanlegur á næstunni.“

KEX Port 2021

- 14:00 Ingibjörg Turchi
- 15:00 Gimmi
- 16:00 Teitur Magnússon
- 17:00 Kvikindi
- 18:00 gugusar
- 19:00 dj, flugvél og geimskip
- 20:00 Skoffin
- 21:00 Hipsumhaps
- 22:00 Birnir
- 23:00 Andi



NÝTT – EGF Body Serum

Byltingarkennd húðvara sem veitir langvarandi raka og gerir húðina silkimjúka.

Brafab

STOCKHOLM

Skemmtileg útihúsgagnalína frá Brafab. Stockholm er líkt aðar vörur þeirra eru framleiddir úr mjög endingargóðum hráefnum. Grindin úr áli sem ekki ryðgar og húsgögnin eru handofin með sérlega sterku nælon-fléttuefni. Efnið er 100% nýframleitt, hálfhringlaga fléttuefni. Það er vissulega þyngra en flatt fléttuefni sem notuð eru í ódýrari útihúsgögn en um leið eru húsgögnin með miklu meiri endingu og eru stöðugri.

30%



STOCKHOLM

Hornsófi Stærð: 252 x 252 x 80 cm

188.993 kr. ~~269.990 kr.~~

Brafab

STOCKHOLM

Priggja sæta útisófi
Stærð: 212 x 80 x 88 cm

111.993 kr. ~~159.990 kr.~~



LEONE

Hornsófi úr Leone línunni 2H2. Svört álgrind og gráar sessur og bakpullur úr fyrsta flokks svampi. Endingargott Olifin áklæði. Stærð: 203 x 203 x 80 cm
Sófarborð úr svörtu áli með reyklitaðri glerplötu fylgir sófanum. Stærð: 70x70x30 cm

148.792 kr.
~~185.990 kr.~~



STOCKHOLM

Stóll. Stærð: 86 x 88 x 80 cm

41.993 kr. ~~59.990 kr.~~

Reykjavík 11 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.
Yfirstríkað verð sýnir fullt verð vöru.

RÝMINGARSALA Á GARÐHÚSGÖGNUM

MEDUSA GARÐSTELL

M.a. diskar, bollar, glös og könnur
Verð frá 623 kr. -890 kr.
Verð til 3.843 kr. -5.490 kr.

30%



Medusa
Copenhagen

Fallegur borðbúnaður – tilvalinn í útileguna eða út á pallinn!



Brafab

ASHFIELD

3ja sæta sófi
Stærð: 186 x 82 x 93 cm

104.993 kr. -149.990 kr.

Sófaorð með reyklituðu gleri
Stærð: 80 x 80 x 69 cm

34.993 kr.

49.990 kr.

30-50%

RÝMINGARSALA
Á GARÐHÚSGÖGNUM

Rýmum til fyrir öllum
fallegu haustvörnum



Brafab

STOCKHOLM

Þriggja sæta útisófi
Stærð: 212 x 80 x 88 cm

111.993 kr.

159.990 kr.

50%



Stærð horneininga:
154,5 x 83 x 66 cm

Stærð ferköntuðu
eininganna: 83 x 83 cm.



Stærðir

Borð: 144,5 x 74,5 x 67 cm.

Sófi: 236 x 179 x 67 cm.

69.995 kr. -139.990 kr.



50%

BERMUDA

Grásvart sett, 4 einingar sem má raða saman á marga vegu. Vinstri og hægri sófaeining með armi, þeim fylgja setpullur og bakpúðar. Einnig tvær ferkantaðar einingar, þeim fylgja setpullur og annarri fylgir einnig hert gler. Hægt er að mynda t.d. hornsófa, 4-6 sæta langan sófa með skammeli og/eða borði.

79.995 kr. -159.990 kr.



HÚSGAGNA
HÖLLIN

Árni H. Kristjánsson er einn fimmmenninganna sem skorað hafa á borgarstjórn að rannsaka mál vöggustofa. Árni, sem er sagnfræðingur að mennt, er fæddur 1961 og elstur fimm systkina, sem ólust öll að miklu leyti upp á stofnunum, þar á meðal vöggustofum.

Vegferðin í leit að réttlæti fyrir börn vöggustofanna hófst formlega þegar þeir Árni, Fjölur Geir Bragason, Hrafn Jökulsson, Tómas V. Albertsson og Viðar Eggertsson gengu á fund borgarstjóra þann 7. júlí síðastliðinn, en hún á sér þó langan og persónulegan aðdraganda fyrir Árna.

„Þetta mál hófst á svoltið undarlegum stað en það var á Barnaspítala Hringsins. Þetta hófst þannig að eldhuginn Hrafn Jökulsson, fornvinnur minn, hafði árum saman komið á barnaspítalann og teflt við börnin einu sinni í viku. Svo hittist þannig á að ég var þarna með yngsta son minn, Óla, sem var í tvö ár á barnaspítalanum vegna alvarlegra veikinda. Svo kemur Hrafn einu sinni sem oftast, en í þetta sinn tókum við ekki skák heldur fórum að ræða við Óla, sem var þá sextán ára, um aðbúnað á sjúkrahúsum og hvernig þetta var í gamla daga þegar foreldrar máttu ekki einu sinni heimsækja börn sín. Þá upplýsti Hrafn mig um það sem ég vissi ekki, að hann hafði verið vistaður á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Þar byrjaði þetta, því að ég og systkini mín vorum öll meira og minna á vöggustofum og síðan í kjölfarið á fleiri opinberum stofnunum,“ segir Árni.

„Á þessum degi 3. janúar 2019 þegar þetta allt hófst, þá bundumst við Hrafn fastmælum um að koma þessu máli á einhvern rekspól þannig að það myndi kannski leiða til rannsókna, af því þetta var svívirðileg starfsemi og brotið beinlínis á börnum og mæðrum þeirra. Síðan liður og biður og ég var mjög upptekinn vegna veikinda sonar míns, meðal annars af því við foreldrarinn bjuggum á spítalanum, bæði hér heima og erlendis. Síðasta vor þá tókum við upp þráðinn aftur og úr verður að Hrafn biður mig um að rannsaka starfsemi vöggustofa borgarinnar en ég kom víða að lokum dyrum því heimildirnar eru ekki aðgengilegar.“

Margt óhuggulegt kom í ljós

Árni tók saman greinargerð um starfsemi vöggustofa sem varð að bréfi sem þeir fimmmenningarnir sendu borgarstjórn 13. júní síðastliðinn og setti allt af stað. Í bréfinu er farið yfir sögu Vöggustofunnar að Hlíðarenda, sem starfrækt var 1949–1963, og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins, sem starfrækt var 1963–1973.

Árni segir að fleiri vöggustofur hafi verið starfræktar á 20. öld, en þær voru þá yfirleitt reknar af einhvers konar félagasamtökum á meðan borgin bar alfarið ábyrgð á Vöggustofunni að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins.

„Það er ekki hægt að gera löngu látið fólk ábyrgt, í borgarstjórn kemur fólk og fer en ábyrgðin stendur alltaf eftir. Því er miðað við starfsemi þessara tveggja stofnana, enda var þetta sama starfsemi sem fluttist á milli húsa. Það kom margt mjög óhuggulegt í ljós sem ég hafði ekki gert mér grein fyrir,“ segir Árni.

Gróðrarstía andlegar veikulnar

Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem reynt hefur verið að opna á umræðuna um vöggustofur. Um miðjan sjötta áratuginn reyndu borgarfulltrúarnir dr. Sigurjón Björnsson sálfræðingur og Adda Bára Sigfúsdóttir veðurfræðingur að vekja athygli á málinu í borgarstjórn en það féll í grýttan jarðveg.

„Þetta hefur haft svo skelfilegar afleiðingar fyrir flest börnin sem



Í svefnherbergi elstu barnanna á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins 1967. LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/BRAGI GUÐMUNDS.

Krefjast réttlætis fyrir vöggustofubörnin



Þorvaldur S. Helgason
thorvaldur
@frettabladid.is



Árni tveggja ára gamall árið 1963.

MYND/ÚR EINKASAFNI

voru þarna, en það sem er óskiljanlegt er að eftir að þetta var afhjúpað 1967 af dr. Sigurjóni og Öddu Báru, þá var málið gert flokkspólítískt. Þau voru bara einhverjir kommar, hægrimmenn voru með borgina, og þetta var afgreitt eins og þau vildu koma höggi á íhaldið,“ segir Árni.

Dr. Sigurjón hélt ræðu á borgarstjórnarfundum í mars 1967 þar sem hann lýsti vöggustofunum sem „gróðrarstíu andlegrar veikulnar“. Þá skrifaði hann greinina „Vistheimili fyrir ung börn“ sama ár, þar sem hann sýndi fram á skaðsemi þess að vanrækja börn tilfinningalega til lengri tíma, með vísun í rannsóknir í barnasálfræði og geðlæknisfræði. Næst var hreyft við málinu árið 1993 þegar útvarpsþáttur Viðars Eggertssonar, „Eins og dýr í búri“, var frumfluttur. Þar var fjallað um baráttu móður hans til að endurheimta tvíbura sína, sem hún

varð viðskila við frá fæðingu vegna fátæktar.

„Það sem enginn skilur er, hvernig gátu yfirvöld rekið skaðlega starfsemi sem stríðir gegn mannlegu eðli, heilbrigðri skynsemi og fyrirbyggjandi rannsóknum? Það er gjör-samlega óskiljanlegt hvernig hægt var að hunska grátandi börnin. Á endanum hættu börnin að gráta. Það eru til heimildir um að börn hafi hætt, ómeðvitað auðvitað, að nærast, því þau gáfust upp. Þau fengu aldrei örvun, sem er grundvallaratriði fyrir þroska ungbarna. Það var beinlínis forboðið að sinna öðru en líkamlegum þörfum barnanna. Mörg urðu rang- eða tileygð vegna þess að þau sáu bara loftið úr rimlarúmunum og fengu enga skynörvun,“ segir Árni.

Mörg börnin voru ótalandi þegar þau komu út af vöggustofum og bjuggu við málhelti fram eftir aldri.

Sum þeirra, eins og Viðar Eggertsson og tvíburasystir hans, sem voru vistuð á Hlíðarenda til tveggja og hálfis árs aldurs, þróuðu með sér sitt eigið tungumál af því enginn talaði við þau. Alls voru 510 börn vistuð á Hlíðarenda á starfstíma vöggustofunnar og á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins voru um það bil 100 börn vistuð árlega fram undir lok sjöunda áratugarins.

Mæðurnar beittar þrýstingi

Í greinargerð Árna kemur fram að „í langflestum tilvikum var um að ræða börn ungra, fátækra, einhleypa eða veikra mæðra, sem talið var að gætu ekki alið önn fyrir börnum sínum“. Mæðurnar fengu ekki að snerta börn sín í heim-sóknum heldur þurftu þær að horfa á börnin í gegnum glervegg. Þá voru vöggustofurnar eins konar óformlegar ættleiðingarmiðstöðvar, þar sem barnlaus hjón völdu sér börn.

„Um þræði héldu Barnavernd Reykjavíkur og forstöðukonan hverju sinni. Forstöðukonan hafði alveg ótrúleg völd, hún gat gert úttekt á heimilum, komið til leiðar að foreldrar yrðu sviptir forræði og skikkað börn í vist. En á sama tíma var gífurlegur þrýstingur barnlausra hjóna, því þetta var löngu fyrir daga ættleiðinga erlendis frá,“ segir Árni.

Hann segir að finna megi skýringu á þessari ættleiðingarstefnu í ársskýrslum Barnaverndar Reykjavíkur á árunum 1967–1969, þar sem tekið er fram hversu hagkvæmt það sé að koma börnum á sjálfbær einkaheimili í föstur.

„Það eru til skjalfestar frásagnir af því að mæður í veikri stöðu hafi verið beittar svo miklum þrýstingi að þær gáfu eftir og afsöluðu sér börnum sínum. Sláandi dæmi er um konu sem lá á sjúkrahúsi, alvarlega veik eftir barnsburð, og fulltrúar Barnaverndarnefndar komu ítrekað á sjúkrahúsið til að reyna að fá konuna til að afsala sér barninu. Þarna er valdaójafnvægið gífurlegt. Þetta er eitthvað sem þarf að skoða, en málefnið er hálfgerð tabú meðal mæðranna og þess fólks sem ættleiddi börnin. Til að gæta sannmælis þá efast ég ekkert um að öll þessi börn hafi lent á góðum heimilum hjá ástríku foreldrum og þetta orðið þeim til heilla. En eftir stundur samt sem áður að þetta var stundum gert á vafasömum forsendum og eftir sátu mæður og fjölskyldur í sárum,“ segir Árni.

Gert ráð fyrir dauðsföllum

Samkvæmt heimildum Árna var nokkuð um að börn kæmu á vöggustofurnar beint af fæðingardeild. Þetta voru stundum börn sem voru mikið fötluð og jafnvel ekki hugað líf, en í stað þess að dvelja á sjúkrahúsi, þar sem þau hefðu getað fengið viðeigandi aðstoð, voru þau flutt á vöggustofu. Einnig eru heimildir um að börn hafi veikt alvarlega, svo sem af lungnabólgu, en ekki verið flutt á sjúkrahús.

„Svo er náttúrulega þetta óhuggulega dæmi um að það hafi verið gert ráð fyrir dauðsföllum á Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Þarna var skírnarfontur til að skíra dauðvona börn og líkherbergi. Það sem er ótrúlegast í þessu er að það virðist sem sumar konur hafi verið sviptar forræði barna sinna áður en þær ólu börnin, því þau voru tekin strax við fæðingu og flutt á vöggustofuna. Af hverju var þessum börnum ekki sinnt á sjúkrahúsi? Þetta er bara óskiljanlegt!“ segir Árni.

Aðspurður um hvort slíkt hafi hreinlega staðist lög, segir Árni að lagastöð virðist hafa verið fyrir hendi í þeim tilvikum þar sem móðirin var í óreglu um eða fyrir meðgöngu.

„Þetta var vafalaust hugsað barninu til heilla. Það verður að koma skýrt fram, þetta voru þau úrræði sem þá voru í boði og stundum var auðvitað nauðsynlegt að grípa til þeirra. Bara alveg eins og í dag ➤



Hvernig gátu yfirvöld rekið skaðlega starfsemi sem stríðir gegn mannlegu eðli, heilbrigðri skynsemi og fyrirbyggjandi rannsóknum?

Árni H. Kristjánsson.

ILVA

Íttala

20-50% AF VÖLDUM VÖRUM

40%



WESTON hornsófi. Brúnt bonded leðuráklæði. L235 x D 285 cm.
359.900 kr. **NÚ 215.940 KR.**

40%



ORTO 2ja sæta + legubekkur. Grænt Solo velúr áklæði. L 292 x D 164 cm.
279.900 kr. **NÚ 167.940 KR.**

30%



DEIA borðstofustóll. Svart velúr, svartir fætur.
54.900 kr. **NÚ 38.430 KR.**

50%



ENIX borðstofustóll. Grá seta, krómfætur.
9.900 kr. **NÚ 4.950 KR.**

30%



BOTA borðstofustóll. Brúnt leðurlíki, svartir fætur.
34.900 kr. **NÚ 24.430 KR.**

50%



ZORANO borðstofustóll. Svart áklæði, svartir fætur.
59.900 kr. **NÚ 29.900 KR.**

50%



NARKE sólbekkur á hjólum. Burðargeta 120 kg. L186 cm.
46.900 kr. **NÚ 23.450 KR.**

50%



VEGA hægindastóll með sessu. L186 cm. 74.900 kr.
NÚ 37.450 KR.

30-50% AF ALLRI SUMARVÖRU

30%




ALMA sumarhúsgögn. Hægindastóll. 74.900 kr. **NÚ 52.430 KR.**
Skemill. 27.900 kr. **NÚ 19.530 KR.** Borð. 24.900 kr. **NÚ 17.430 KR.**

50%



AVISA sófaborð. Fibersteypa.
Ø53 cm. 9.900 kr. **NÚ 4.950 KR.**
Ø80 cm. 19.900 kr. **NÚ 9.950 KR.**

30%



LIONI 2ja sæta bekkur. L131 cm. 62.900 kr. **NÚ 44.030 KR.**

ILVA Korpútgögn, s: 522 4500 www.ilva.is
mánudaga - föstudaga 11:00-18:30, helgar 12-18

ILVA Akureyri Mánudaga - föstudaga 11-18,
laugardaga 10-17, sunnudaga 13-17

netgiró
VALITOR



FACEBOOK.COM/ILVAISLAND

INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

» að stundum verður hreinlega að svipta óhæfa foreldra börnum sínum. Svo er annað sem þarf að koma fram, að ungar ógíftar mæður fóru stundum sjálfviljugar með börn sín á vöggustofu, í góðri trú eftir meðmæli, á meðan þær voru að koma undir sig fótunum. Þær vissu ekki betur. Svo kannski fengu þær aldrei börnin aftur vegna þess að Barnavernd mat stöðuna þannig.“

Silungapollur eins og fangelsi

Eins og áður sagði voru Árni og öll systkini hans vistuð á stofnunum meira og minna í æsku.

„Ef til vill sluppum við systkinin betur en margur annar. Við höfum getað farið í gegnum lífið svona að mestu uppistandandi, auðvitað höfum við glímt við erfiðleika og allt það. En við náðum öll að mennta okkur og eignast fjölskyldur, ólíkt mörgum öðrum. Því það er ótrúlegur fjöldi sem missti gjörsamlega fótanna, ekki bara út af vöggustofnunum, heldur einnig vegna vistunar á öðrum stofnunum. Ég var mjög lánsamur að eignast góða konu sem beindi mér rétta leið eftir eyðimerkurraf í myrkri,“ segir Árni og bætir við að ekki hafi allir verið svo lánsamir. Mörg vöggustofubarnanna hafi upplifað mikla höfnun og glímt við lítið sjálfstraust alla sína ævi.

Systkinin héldu sambandi við foreldra sína framan af og dvöldu tíma bundið hjá þeim, á milli þess sem þau voru á stofnunum. Hópurinn tvístraðist endanlega 1969 en Árni og einn bróðir hans fylgdust að. Árni segir þau systkinin hafa haldið sambandi á fullorðinsárum þó það hafi stundum verið stopult. Árni er ekki kunnugt um nákvæmlega hversu lengi hann dvaldi á vöggustofu en hann hefur sótt um að fá aðgang að gögnum varðandi æsku sína hjá Borgarskjalasafni og Þjóðskjalasafni.

„Þetta rennur í einn graut hjá mér því ég var svo mikið á Silungapólli og öðrum stofnunum. Minnið mitt nær aldrei á vöggustofu, þannig að ég get ekki sagt til um það. En systkini mín voru þarna nokkuð lengi, ég veit það, og tvö þeirra fóru þaðan í fóstur og til ættleiðingar. Við eigum það líklega sammerkt systkinin að hafa glímt við félagsfærni og sum hafa talað um erfiðleika með að tengjast og treysta fólki. En við sluppum nokkuð vel, miðað við það sem ég hef heyrt og til eru heimildir um. Alltént vorkennum við okkur ekkert þrátt fyrir erfiða æsku.“

Silungapollur var vistheimili sem rekið var af Reykjavíkurborg frá 1950–1969 fyrir börn á aldrinum þriggja til sjö ára. Árið 2010 fór fram rannsókn á starfsemi Silungapólls á vegum vistheimilaneftndar, þar sem kom í ljós að sum börnin voru beitt kynferðisofbeldi þar. Árni líkir vistinni á Silungapólli við fangelsi.

„Ég man til dæmis að hurðarhúnar voru mjög hátt uppi þannig að börnin gátu ekki opnað. Svo voru þau geymd á daginn í stórum sal sem líkja má við dýragarð. Þarna voru börn sem glímdu við ýmsa erfiðleika, öllu att saman og mikið um ofbeldi á meðal barnanna. Ef þú fyllir heilan sal af börnum sem eiga öll við erfiðleika að glíma þá geturðu rétt ímyndað þér ástandið,“ segir hann.

Stofnun getur aldrei alið upp barn
Árni segir stofnanavistina hafa haft mikil áhrif á hann og systkini hans. Þau hafi þó öll náð að lifa sínu lífi þrátt fyrir ýmiss konar bakslög.

„Börn sem glíma við mikinn tilfinningalegan sársauka og kunna ekkert að takast á við það lenda oft í óreglu. Eigum við ekki að segja að víman sé svona einhvers konar líkn. Þegar það er mikill tilfinningalegur sársauki þá getur þú engan veginn unnið úr því, þú hefur ekkert bakland og enga fjölskyldu til að hjálpa þér. Stofnun getur í rauninni aldrei alið upp barn, vegna þess að grundvallarþörf barns er ást, umhyggja og öryggi og slíkt er ekki í boði á stofnun. Fólkið sem sinnir þér og gefur



Árni segist vera mjög lánsamur að hafa eignast góða konu sem beindi honum rétta leið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON



Árni níu ára gamall árið 1970.

MYND/ÚR EINKASAFNI



Vöggustofa Thorvaldsensfélagsins við Dyngjuveg árið 1963.

LÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/SVEINN ÞORMÓÐSSON

þér að borða er bara í vinnunni.“

Varstu í sambandi við foreldra þína eftir að þú varðst fullorðinn?

„Já, ég var það. Pabbi flutti reyndar til Ástralíu og var þar lengi. Ég var svo í samskiptum við hann þegar hann kom til baka og alltaf í samskiptum við móður mína, en eftir að hún missti yngsta bróður minn frá sér þá missti hún endanlega fótanna í lífinu. Þetta var of sárt og þetta var of mikið og eftir það átti hún sér aldrei vídreisnar von í lífinu.“

Móðir Árna glímdi við óreglu og veikindi í gegnum líf sitt og þykir honum það einna sárast hversu mikið var lítið niður á hana og aðrar konur í sambærilegri stöðu.

„Ég get náttúrlega ekki sett mig í spor þessara mæðra en það sem mér finnst mjög sárt er forðomafullt viðhorfið gagnvart þeim. Það var ekki þeim að kenna hvernig komið var fram við börn þeirra á vöggustofum

en allar mæðurnar skynjuðu auðvitað hve hryllilegt þetta var fyrir þau. Þær voru síðan fordæmdar af starfsfólki vöggustofa, félagsmála-yfirvöldum og jafnvel samfélaginu.“

Funduð þið systkinin fyrir gremju gagnvart foreldrum ykkar?

„Já, eðlilega, öll á einhverjum tímupunkti, en síðan erum við held ég öll löngu búin að fyrirgefa þeim. Þetta var bara fátækt og veikt fólk. Móðurfjölskyldan mín var blá-snaud, þau bjuggu í Múlakampinum í bröggum. Þannig að ég held að ég geti talað fyrir hönd okkar allra að það er enginn að erfa þetta við þau í dag. Þetta voru bara aðstæður sem foreldrar mínir réðu engan veginn við. Ég veit það að þau vildu okkur allt hið besta en þau réðu bara ekki við líf sitt.“

Vilja réttlæti fyrir mæðurnar
Reykjavíkurborg hefur heitið því að

rannsaka starfsemi vöggustofanna að Hlíðarenda og Dyngjuvegi, en ljóst er að mikið verk er fyrir höndum. Viðbrögðin hafa verið mikil og segist Árni hafa þurft að slökkva á símanum sínum fyrstu dagana því hann hafi hreinlega ekki stoppað. Athugasemdir fólks hafi langflestar verið jákvæðar, en einstaka hafa ýjað að því að fimmenningsarnir séu á höttunum eftir fé eða bótum. Árni hafnar því alfarið og segir það aldrei hafa komið til tals.

„Við erum ekki á höttunum eftir því, bara alls ekki. Við viljum bara að starfsemin verði rannsökuð og gerð skil. Því þetta er svartur blettur á sögu Reykjavíkurborgar og sögu barna á Íslandi. Ég er ekki að segja hvað verði í framtíðinni, enda ræð ég engu þar um. En það var aldrei hugmyndin okkar Hrafns, við vildum réttlæti, ekki síst fyrir mæðurnar,“ segir Árni.

Vöggustofur í Reykjavík

1949 Vöggustofan að Hlíðarenda við Sunnutorg sett á laggirnar.

1959 Thorvaldsensfélagið ræðst í að byggja nýja vöggustofu.

1963 Thorvaldsensfélagið færir Reykjavíkurborg vöggustofuna að Dyngjuvegi að gjöf. Starfsemin á Hlíðarenda flyst óbreytt þangað yfir.

1967 Dr. Sigurjón Björnsson vekur athygli á málefni vöggustofa með greininni „Vistheimili fyrir ung börn“ og í borgarstjórn, ásamt Öddu Báru Sigfúsdóttur.

1973 Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins breytt í upptökuheimili fyrir börn.

1979 Starfsemi upptökuheimilisins á Dyngjuvegi hætt og það sameinað rekstri upptökuheimilisins við Dalbraut.

1993 Útvarpsþátturinn „Eins og dýr í búri“ eftir Viðar Eggertsson frumfluttur í Ríkisútvarpinu.

2021 Árni H. Kristjánsson, Fjölínir Geir Bragason, Hrafn Jökulsson, Tómas V. Albertsson og Viðar Eggertsson ganga á fund Dags B. Eggertssonar borgarstjóra.

Hver heldurðu að verði næstu skrefi þessu máli?

„Næstu skref eru að fylgja þessu eftir. Það sem við gerum núna í framhaldinu er að spyrja reglulega um framvindu málsins og auðvitað vonast ég til þess að það verði eitt-hvað gert og þetta verði rannsakad. Þessi meðferð á börnum var alveg með ólíkindum, því í rauninni er þetta ekkert svo langt síðan.“

Fimmenningsarnir stofnuðu hópinn „Réttlæti“ á Facebook sem er eyrnamerkur börnum sem voru vistuð á vöggustofum, aðstandendum þeirra og áhugafólki um málefnið. Sögurnar hafa hrannast inn, bæði frá fólki sem var sjálft vistað á vöggustofum og aðstandendum þess.

„Það vilja allir meina að þetta hafi haft mjög slæm áhrif og það er ótrúlega há tíðni óreglu og sjálfsvíga hjá þessum hópi fólks. En það má ekki alhæfa að það sé eingöngu hægt að skrifa á vöggustofurnar, því flest börnin voru líka vistuð á öðrum miður góðum stofnunum,“ segir Árni.

Lagt hefur verið til að Árni verði fulltrúi barna í nefnd sem skipuð verður um rannsókn málsins, en hann segist ekki vera tilbúinn að gera það enda standi það honum of nærri til þess að geta gætt hlutlægni.

„Ég geri þetta náttúrlega bara meðfram öðru og ætlaði aldrei að þetta yrði svona stórt, ég sá það í raun ekki fyrir mér. Eldhuginn Hrafn þrýsti á mig til þess að leggja ást í þessa rannsóknarvinnu, hann sagði að ég væri dæmdur til að gera þetta af því ég er sagnfræðingur.“

Nú mun sennilega taka einhvern tíma að leiða málið til lykta, ætlaðu þér að fylgja því eftir?

„Þetta mál má ekki heltaka okkur en auðvitað munum við ýta við borgarstjórn ef okkur fer að lengja eftir svörum og fylgja því þannig eftir. Ég er ekki einn og auk öflugra félaga minna þá er fjöldinn allur af fólki sem lætur sig málið varða og styður væntanlega rannsókn. Að lokum vil ég hvetja þá sem voru vistaðir á vöggustofum og aðstandendum þeirra til að segja sögu sína – það er mikilvægt!“ segir Árni. ■

ÍS BÚÐ OMNOM

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 13 TIL 22



OMNOM ÍSBÚÐ OG SÚKKULAÐI VERSLUN HÓLMASLÓÐ 4, 101 REYKJAVÍK (GRANDI)

omnom.is     omnomchocolate

Nauðsynlegt uppgjör tíu árum síðar



Björk
Eidsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Næstkomandi fimmtudag eru tíu ár liðin frá hryðjuverka-árásunum í miðborg Oslóar og í Útey, sumardvalarstað ungliðahreyfingar norska Verkamannaflokksins. Sendiherra Noregs hér á landi, Aud Lise Norheim, segir samtalið sem nú á sér stað nauðsynlegt uppgjör.

„Nú þegar tíu ár eru liðin er rétti tíminn fyrir alla, bæði ráðamenn og aðra, að horfa til baka og skoða hvernig við brugðumst við. Þá er ýmislegt sem kemur í ljós að ekki var hugsað út í. AUF, ungliðahreyfing norska Verkamannaflokksins sem ráðist var gegn, var að miklu leyti ein látin vinna úr eftirmálum þessa harmleiks innan sinna ræða,“ segir Aud Lise.

„Nú í sumar hafa komið út þónokkrar bækur, sumar skrifaðar af eftirlifandi fórnarlömbum, aðrar af sagnfræðingum. Gegnumgangandi er sú staðreynd að skotmark hryðjuverkamannsins var stjórnkerfið, sem á þeim tíma var leitt af Jens Stoltenberg og Verkamannaflokki.“

Aud Lise minnst orða Stoltenbergs um að þjóðin myndi aldrei gleyma og aldrei leyfa hatrinu að sigra.

„Nokkrum dögum eftir árásina mætti fjöldi fólks í miðborg Osló með rósir og ástin var allsráðandi. En smátt og smátt má segja að sú tilfinning hafi horfið. Tónninn breyttist og mátti jafnvel heyra ásakanir um að Verkamannaflokkurinn, og sérlega ungliðahreyfingin, væri að nota harmleikinn sér til pólitísku framdráttar, til að afla sér stuðnings.“

Einn sagnfræðinganna benti í bók sinni á erfiða stöðu Jens Stoltenbergs á þessum tíma. „Hann var forsætisráðherra landsins en jafnframt formaður Verkamannaflokksins, sem var skotmark árársarinnar. Hann stóð frammi fyrir því að þurfa að sameina þjóðina og átti því erfitt með að benda á að þetta væri árás á lýðræðislegt kerfi Noregs. Umræðan í dag snýst um það hvernig samtalið er, hvaða orðalag við notum og hvað er samþykkt í þeim efnum, en það hefur tekið tíu ár að komast þangað. Við þurfum að skoða rætur hatursins og hvernig við getum barist gegn öfgahyggju án ofbeldis.“

Vinir mínir áttu börn þarna

Aud Lise segir Stoltenberg hafa staðið sig vel í gríðarlega erfiðum aðstæðum. „Sjálfur þekkti hann fjölmörg fórnarlömb og hafði stuttu áður heimsótt Útey, þar sem hann nánast ólst upp. Flestir Norðmenn þekktu einhvern sem árásin snerti beint. Börnin mín áttu vini þarna og vinir mínir áttu börn þarna svo þetta snerti okkur öll. Sú afstaða forsætisráðherra að leggja áherslu á ástina og að hatrið fengi ekki að sigra, var hárrétt á þessum tímapunkti. En því miður breyttist eitt hvað og okkur tókst ekki að framlengja þá hugsjón og hægri öfgafólk náði að yfirtaka umræðuna. Frá því heyrðist að fórnarlömb árársarinnar notuðu „Úteyjar-spilið“. Þetta heyrðist bæði frá háttsettum stjórnmálamönnum og í athugasemdasherfum á samfélagsmiðlum.“

Lise segir fólk ekki hafa verið undirbúið undir þann viðsnúning og ekki verið tilbúið í samtalið. „Verkamannaflokkurinn vildi gæta þess að móðga engan í samtalinu í kjölfarið, enda mikilvægt að halda því á lofti að Noregur hafi allur verið skotmarkið. Að þessu leyti var flokkurinn skilinn eftir einn með þennan vanda. Samtalinu var í raun snúið við og það var ungmennahreyfingin, sem varð fyrir árásinni, sem þurfti að gæta þess að móðga ekki þá sem ásókuðu hana um að nota árásina sér til pólitísku



Viðbragðsaðilar við Útey þar sem Anders Breivik gekk um og myrti 69 ungmenni og særði fjölmörg til viðbótar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Rósum var dreift víða vikurnar eftir hryðjuverkin til minningar um fórnarlömbin og urðu einhvers konar tákni um ástina, sem áhersla var lögð á að skyldi sigra hatrið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Minnisvarði hefur verið reistur í Útey með nöfnum allra þeirra 69 sem létu lífið í hryðjuverkunum árið 2011.



Myrti sjötíu og sjö manns og hlaut tuttugu og eins árs fangelsisdóm

Þann 22. júlí 2011 sprakk sprengja við stjórnnarráðsbyggingarnar í miðborg Oslóar. Skömmu síðar hóf maður dulbúinn sem lögregluþjónn skotárás á sumardvalarstað ungliðahreyfingar norska Verkamannaflokksins í Útey í nágrenni Oslóar. Alls létust 77 manns í árásunum sem Anders Behring Breivik

var handtekinn fyrir og játaði á sig. Áttu manns létust í sprengingunni í Osló og 69 ungmenni voru myrt í Útey, en talið er að um 700 manns hafi þar verið samankomin. Breivik hlaut 21 árs fangelsisdóm, með möguleika á framlengingu ef hann er enn talinn hættulegur að afplánun lokinni.



Aud Lise Norheim, sendiherra Noregs á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

framdráttar. Og þetta er að koma upp á yfirborðið núna.“

Lise segir þennan föstudagseftirmiðdag greiptan í minnið. „Ég var á leið um borð í ferju þegar ég heyri háværa sprengju. Ég hef aðallega verið í verkefnum í Mið-Austurlöndum svo ég þekki sprengjudynd þegar ég heyri hann. Það var stormur úti, en ég vissi vel að þetta var ekki þruma.“

Lise segist fljótlega hafa heyrt af sprengingunni við stjórnnarráðsbyggingarnar og í framhaldi heyrta af árásinni í Útey og kemst við þegar hún rifjar upp atburði dagsins.

„Þær hryðjuverkaárásir sem orðið hafa í Noregi hafa allar verið framkvæmdar af hægri öfgamönnum og það er mikilvægt að horfa til þess og taka endurtekna árásir á borgaraleg réttindi og lýðræði alvarlega.“

Mikilvægasta samtalið

Lise segir árásirnar hafa breytt þankagangi Norðmanna. „Við vitum að við erum ekki lítið eyland í norðri þar sem ekkert svona getur gerst. En það er eins og við höfum þurft þessi tíu ár til að skoða hvernig við tókumst á við þetta og hvað hefði mátt betur fara. Við þurfum auðvitað að skoða alla viðbragðsferla, en einnig hvað má gera til að koma í veg fyrir

áð slík hugmyndafræði grasseri. Nú er það mikilvægasta samtalið.“

Eftirlifandi fórnarlömb eru enn að kljást við heilsufarsleg vandamál tengd árásinni, enda voru þetta börn. Við höfum lært að það tekur tíma að vinna úr þessu og við þurfum kerfi sem heldur utan um þetta fólk til lengri tíma lítið, það dugir ekki að bjóða þessu fólk frá sálfræðiaðstoð í eitt ár eða svo.“

Lesu upp hvert nafn árlega

Við stjórnnarráðsbyggingarnar í Osló verður athöfn á fimmtudaginn þar sem ráðamenn koma saman ásamt eftirlifandi fórnarlömbum. Lesin verða upp nöfn hinna látnu, fyrst þeirra átta sem létust við stjórnnarráðsbyggingarnar og svo þeirra 69 sem voru myrt í Útey. Eins verður athöfn í Dómkirkju Oslóar, sem lék stórt hlutverk á þessum erfiðu tímum þegar fólk kom saman þar. Athöfn verður jafnframt í Útey þar sem fórnarlömb, aðstandendur og björgunaraðilar, margir hverjir nágrennar eyjunnar, koma saman.

Aud Lise segir að undanfarinn áratug hafi skapast sú hefð að lesa upp nöfn allra þeirra sem létust í árásunum, bæði í Osló og í Útey, og sé alltaf um magnaða stund að ræða.

Hér í Reykjavík er minnislundur í Vatnsmýrinni þar sem eru þrjár bekkir sem á eru letuð orðin: Aldrei gleyma, á íslensku, norsku og ensku. Þar er ætlunin að efna til samverustundar klukkan hálf fimm á fimmtudaginn. Jafnframt verður kvikmyndin 22. júlí, sem fjallar um hryðjuverkaárásina, sýnd í Bíó Paradís sama kvöld og á Rúv á föstudagskvöldið. „Þetta er mynd sem maður verður að sjá með öðrum, enda erfið áhorfs.“ ■



Við þurfum að skoða rætur hatursins og hvernig við getum barist gegn öfgahyggju án ofbeldis.

WIZAR

20% AFSLÁTTUR



Verð frá

167.920 kr.

Verð áður 209.900 kr.

Gildir aðeins meðan birgðir endast.

**Wizar hægindastóllinn sem Íslendingar elska.
Wizar fyrir lífsins ljúfu stundir.**

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Ferðafélag barnanna stóð fyrir sinni fyrstu Laugavegsferð þetta sumarið og fór Kolbrún Björnsdóttir fyrir höpnum ásamt eiginmanni sínum, Árna Arnasyni, og dóttur þeirra, Helenu, 11 ára. Kolla segir öll átta börnin hafa farið út fyrir sinn ramma og þannig stækkað sjálfið í ferðinni.

Ferðafélag barnanna var stofnað árið 2009 sem deild innan Ferðafélags Íslands. Höfuðmarkmið þess er að hvetja börn og foreldra til útiveru og samveru í náttúru landsins. „Það er ótrúlega fjölbreytt starf innan félagsins, allt frá stuttum ævintýragöngum og pödduskoðunum upp í nokkurra daga sumarleyfisferðir. Það skemmtilega er að þessar ferðir seljast iðulega fyrst upp allra ferða hjá FÍ,“ segir Kolla, eins og hún er oftast kölluð.

Átta börn tóku þátt í þessari fyrstu af fimm Laugavegsferðum deildarinnar þetta sumarið og með þeim voru sex mömmur, fjórir pabbar og tvær ömmur. Kolla segir undirbúninginn hafa verið frekar einfaldan. „Hver fór í göngu á eigin vegum, við fórum svo í eina göngu saman stuttu fyrir brottför. Annars er flóknasti undirbúningurinn yfirleitt að pakka niður fyrir svona ferð, bæði fatnaði og mat. Okkur finnst við oft þurfa svo mikið en notum svo bara hluta þegar á reynir.“

Flestir koma sjálfum sér á óvart

Ferðin var farin á fjórum dögum. Fyrsta daginn var ekið frá Reykjavík í Landmannalaugar og þaðan gengið í Hrafninnusker. Á öðrum degi gengið í Hvanngil og þeim þriðja þaðan í Emstrur. Á síðasta deginum gekk hópurinn svo frá Emstrum í Langadal, þar sem gist var eina nótt í Skagfjörðsskála.

Börnin voru á aldrinum níu til fimmtán ára og gengu á bilinu fimm til sjö og hálf klukkustund úr skála í skála með nestis- og rúsínupásam og segir Kolla stemninguna hafa verið góða. „Mér heyrðist að minnsta kosti hluti þeirra ræða það á síðasta göngudegi að þau vildu ekki að ferðin væri að klárast.“

Aðspurð um áskoranirnar segir Kolla sumum hafa þótt óþægilegt að vaða ár, öðrum hafi þótt óþægilegt að sofa í sama rými og nítján manns. „En öll, bæði börn og fullorðnir, fóru út fyrir sinn ramma á einn eða annan hátt og stækkuðu þannig sjálfið. Ég held að flestum komi sér þínu á óvart í svona ferðum því við getum yfirleitt mun meira en við höldum og allra mest komu krakkarnir fullorðna fólkinu á óvart. Þau eru svo ótrúleg, full af orku og gleði. Það gerist líka eitthvað þegar þau hitta aðra krakka og kynnast, þá hætta þau að þæla í því sem þau myndu kannski annars kvarta yfir ef þau væru bara með mömmu og pabba.“

Leitin að rauðu derhúfunni

Árni, eiginmaður Kollu, týndi rauðri derhúfu sinni í upphafi göngunnar en morguninn eftir gekk hópurinn fram hjá erlendum ferðamanni, alsælum með húfuna á hausnum. „Húfan fylgdi okkur svo á ferðalaginu því maðurinn var á sama hraða og gisti á sömu stöðum og við. Þetta vakti mikla kátínu í hópnum og varð það að hálfgerðu sporti að finna hvar húfan væri niðurkomin þá stundina. Nokkrir krakkanna úr hópnum tóku svo fjörið aðeins lengra þegar þau höfðu uppi á manninum í Emstrum, eftir talsverð spæjarastörf, og fengu mynd af sér og honum með finu rauðu húfuna á höfðinu. Við enduðum svo á því að gista í sama skála og þessi ágæti maður í lok ferðarinnar og fengum þannig vissu fyrir því að húfan hefði komist Laugaveginna á enda, þó vissulega hafi hún setið á



Kollu, sem hér er með Helenu og Árna, fannst liggja beinast við að fjölskyldan fararstýrði saman þó hún sé eini fjallagarðurinn innan hennar. MYNDIR/ÞSENDAR



Vildu ekki að ferðin kláraðist



Björk Eidsdóttir bjork@frettabladid.is

öðru höfði en upphaflega var áætlað,“ rifjar Kolla upp og hlær.

Krakkarnir strunsaðu á undan

Kolla fór í fyrsta sinn í skipulagða ferð með börnum og aðspurð um hvað hafi verið ólíkt, segist hún fyrirfram hafa talið að þau væru hægari en fullorðnir göngumenn en svo hafi aldeilis ekki verið.

„Krakkarnir strunsa á undan og við fullorðna fólkið þurftum stundum að gefa í til að halda í við þau. Það eru kannski helst spurningarnar sem ég fæ á göngu. Fullorðnir spyrja sjaldnar hvað séu margir kílómetrar í stóru ána eða Helvítis brekkuna, bröttu brekkuna sem þarf að fara niður áður en komið er að Álftavatni, en okkur fannst nafnið við hæfi líkt og Helvítis gjáin í Ronju Ræningjadóttur. Það er líka yfirleitt aðeins rólegra í skálanum þegar þar er bara fullorðin fólk,“ segir hún í léttum tón.

Dóttirin ekki upprifin í byrjun

Eins og fyrr segir voru eiginmaður og dóttir Kollu með í för en henni fannst það liggja beinast við að fararstjórnin væri í höndum fjölskyldu enda um fjölskylduferð að ræða.

„Þau stunda hvorugt fjallgöngur að neinu ráði en Árni var strax til í þetta, Helena var minna spenn. Henni fannst það ekki góð hugmynd að þurfa að labba í fjóra daga og það með einhverju fólki sem hún þekkti ekki neitt. Það var þó örlítil sárabót að ein af ömmum hennar og frænka á svipuðu reki skráðu sig í ferðina,“ segir Kolla.

„Þegar styttest í brottför jókst spennan aðeins, enda er oft mjög gaman að undirbúa svona ævintýri. Þegar upp var staðið var þetta svo mjög skemmtilegt, mun skemmtilegra en hún átti von á. Göngurnar voru léttari, það var mjög gaman að vaða ár en skemmtilegast var líklega að eignast nýja vini. Það var allavega það skemmtilegt að hún er til í að fara í aðra fjölskylduferð,“ segir Kolla að lokum. ■



Þessar göngukonur eru augljóslega vel búnar og tilbúnar í hvað sem er.



Kolla segir töluvert meira fjör í skálanum þegar göngumenn eru ungt fólk.



Þau stunda hvorugt fjallgöngur að neinu ráði en Árni var strax til í þetta, Helena var minna spenn.

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 17. júlí 2021



Guðrún sá umfjöllun og ummæli um Active Joints frá Eylif heilsuvörum og ákvað að prófa. Hún sér ekki eftir því.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Eins og leyst úr fjötrum

Guðrún Jónsdóttir uppgötvaði Active Joints eftir að hafa lengi fundið fyrir óþægindum í líkamanum. Hún segir það hafa verið dásamlega upplifun þegar hún öðlaðist nýtt líf með Active Joints, sem hún mælir heilshugar með. **2**

Heilbrigð melting er grunnur að góðri heilsu



Bætiefnalínan frá Eylif samanstendur af Happier Guts, Active Joints, Stronger Bones og Smoother Skin & Hair.



Ég get því hiklaust mælt með Active Joints frá Eylif. Það sem ég hef upplifað er stórkostlegt og ég þreystist því ekki á að dásama þessa vöru," segir Guðrún.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Guðrún segist hafa fundið fyrir óþægindum í líkamannum árum saman. „Þrátt fyrir að ég hafi farið í vel heppnaða hnéaðgerð hef ég verið gjörsamlega ónýtt í líkamannum. Gat ekkert gengið vegna mikils sársauka. Ég fór til læknis og var greind bæði með vefja- og slitgigt," segir hún. „Ég hef prófað að taka inn ýmiss konar náttúruæfni sem áttu að hjálpa og sömuleiðis hef ég farið í endurhæfingu. Það hjálpaði mér talsvert, en óþægindin héldu áfram að hrjá mig," bætir hún við.

Guðrún sá umfjöllun og ummæli um Active Joints frá Eylif heilsuvörum. „Ég las innihaldslýsingar og þær hvöttu mig til að prófa. Einnig hafði vinkona mín mælt með Active Joints, svo það var ekkert annað í stöðunni en að prófa. Vá, ég er þakklát, því eftir einungis tvær vikur var eins og ég væri leyst úr fjöttrum, eða bönd hefðu verið skorin utan af mér. Allar mínar hreyfingar urðu auðveldari og sársaukalausar," segir hún.

Guðrún segist finna örliðið fyrir öðru hnenu, en að öðru leyti sé þetta nýtt og betra líf. Undanfarið hef ég ekki getað stundað æfingar vegna Covid-19. Það eru tveir mánuðir síðan ég byrjaði að taka inn Active Joints og ég get gengið um í dag, sem ég gat ekki áður með góðu móti. Fyrr í vetur hélt ég að ég væri útbrunnin, en svo er aldeilis ekki. Ég get því hiklaust mælt með

” Fyrr í vetur hélt ég að ég væri útbrunnin, en svo er aldeilis ekki. Ég get því hiklaust mælt með Active Joints frá Eylif. Það sem ég hef upplifað er stórkostlegt.

Active Joints frá Eylif. Það sem ég hef upplifað er stórkostlegt og ég þreystist því ekki á að dásama þessa vöru.“

„Ég hef deilt ánægju minni með öllum sem ég þekki og hafa áhuga á að bæta heilsuna. Ég ætla að halda áfram að nota þessar vörur enda finn ég mikinn mun á mér," segir hún. ■

Fæst í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum, Nettó og á eylif.is þar sem er að finna nánari upplýsingar, en hægt er að fá fría heimsendingu. Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



Rákel Jónasdóttir hefur glímt við beinþynningu og leitaði að náttúrulegri vöru til að takast á við það.

Heilsan er dýrmætust

Rákel Jónasdóttir starfar sem snyrtifræðingur og vinnur oft mjög langa vinnudaga. Rákel hefur verið greind með beinþynningu og þarf að fá nægilegt kalk og D-vítamín. Hún segir að Stronger Bones frá Eylif hafi reynst sér mjög vel til að styrkja sig.

Rákel segist hafa verið að prófa allar vörur frá Eylif og líkað þær virkilega vel. „Þar sem ég hef verið með beinþynningu hef ég þurft að passa mjög vel upp á að fá nægt kalk og D-vítamín," segir hún. „Þegar ég heyrði um Stronger Bones frá Eylif var ég mjög spennat að prófa þessa vöru, þar sem hún inniheldur náttúrulegt kalk og auk þess ríkulegt magn af stein- og snefilefnum sem öll eru fengin úr náttúrunni. Ég hef fulla trú á að hrein, íslensk hráefni séu betri fyrir líkamann en þau efni sem eru venjulega í kalktöflum," segir hún. „Það er síðan bara böndur að þetta eru tuggutöflur sem eru mjög góðar á bragðið.“

Rákel segir að Stronger Bones hafi reynst sér mjög vel. „Ég vildi taka á vanda minum og sporna við beinþynningunni án þess að taka inn lyf. Ég finn mikinn mun á mér með Stronger Bones og það hefur komið mér á óvart hversu góð áhrif það hefur á meltinguna," segir hún.

„Ég hef líka prófað Smoother Skin & Hair frá Eylif sem virkar mjög vel á bæði húð og hár. Kollagenið er efni sem er frábært fyrir húðina og ég hef fundið mun á henni og hárinu. Mér finnst nauðsynlegt að taka inn kollagen," segir Rákel og tekur fram að hún sé sérstaklega ánægð með vörurnar frá Eylif.

Heilsuvörur frá Eylif

Vörulínan Eylif býður upp á fjórar vörur, Active Joints, Stronger Bones, Smoother Skin & Hair og Happier Guts, vörur sem hafa reynst vel fyrir liðina, húðina, beinin og meltinguna. Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, framleiðslan fer fram á Íslandi og öll hráefnin koma úr sjálfbærnum auðlindum. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi vörulínunnar Eylif, en hugmyndin að henni kom til vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á Íslandi á sjálfbæran hátt, úr náttúrulegum auðlindum frá Íslandi og auka þannig aðgengi fólks að þessum hráefnum. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matis.

Vörurnar eru Active Joints, Stronger Bones,



Guðlaugur segist stundum gleyma spækunni eftir að hann byrjaði að taka inn Active Joints.

Loksins hreyfing án mikillar fyrirhafnar

Guðlaugur Sigurðsson segir að eftir að hann kynntist Active Joints frá Eylif hafi lífsgæði hans breyst til batnaðar. Hann getur staðið upp án fyrirhafnar og gengið óstuddur upp og niður tröppur. Lífsgæðin hafa því batnað.

Guðlaugur Sigurðsson lenti í alvarlegu vinnuslysi þegar hann var til sjós árið 2010. Hann slasaðist svo illa að hann var óvinnufær á eftir. Afleiðingarnar voru slæmir stoðverkir viðs vegar um líkamann. „Ég var heppinn að fá spælu frá Össuri þannig að ég gat sinnt daglegum athöfnum. Spælan var eins konar lífsbjörg fyrir mig á þeim tíma. Eftir slysið var ég stöðugt með verki og átti erfitt með svefn vegna verkjanna," útskýrir Guðlaugur. Það var eiginkona hans sem sá auglýsingu um Active Joints frá Eylif. „Hún ákvað að kaupa fyrir mig þetta fæðubótarefni í haust og ég verð að viðurkenna að eftir aðeins viku var ég farinn að finna mun á líkamlegri getu. Það var í raun alveg ótrúlegt og mér finnst gaman að segja frá þessari bættu líðan minni," segir hann.

Guðlaugur segist stundum gleyma að setja á sig spælkuna þegar hann fer í göngutúr. „Ég get orðið gengið upp og niður stíga án þess að styðja mig við handriðið eða þegar ég stend upp frá borði eða úr sófanum. Ég myndi segja að það væri kraftaverk frá því sem áður var. Frá því ég kynntist Active Joints frá Eylif hef ég tekið þrjú hylki á dag. Ég dreifi inntökunni yfir daginn með máltíðum. Þótt fötlun mín eftir slysið hafi ekki horfið, þá er ég engu að síður gangandi um glaður í bragði. Mér líður betur og það er góð upplifun.“

Smoother Skin & Hair og Happier Guts. Nýjasta varan er Happier Guts sem er sérstaklega hönnuð fyrir meltinguna og inniheldur íslensk hráefni ásamt meltingarensímum. „Active Joints er vinsælasta varan og inniheldur hún fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á jákvæð áhrif þeirra á heilsu. „Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, náttúruleg og hrein hráefni sem ekki eru erfðabreytt og stuðla að sveigjanlegri líðum, því með sveigjanlegri líkama erum við færari til að takast á við verkefni í dagsins önn," segir Ólöf Rún.“

„Við notum einungis hrein, íslensk hráefni sem eru framleidd á sjálfbæran hátt í Eylif vörurnar," segir Ólöf Rún.



UMFÍ



EITT VERÐ

7.900 kr.

INNIFALIÐ ER TJALDSTÆÐI
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA,
AFFREYING OG TÓNLEIKAR.
KEPPNIN ER OPIN
FYRIR ALLA
11-19 ÁRA.

FYRIR ALLAR GREINAR

UNGLINGALANDSMÓT

Selfossi um verslunarmannahelgina 2021



FESTIVAL FJÖLSKYLDUNNAR

VÍMULAUS ÍÞRÓTTA- OG FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ

ÍÞRÓTTIR Á DAGINN:

FJÖLDI ÍÞRÓTTAGREINA: HLAUPASKOTFIMI – BOGFIMI – BORDTENNIS – FIMLEIKALÍF – FRISBÍGOLF
FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR – GLÍMA – GOLF – GÖTUHJÓLREIÐAR – HESTAÍÞRÓTTIR – ÍÞRÓTTIR FATLAÐRA
KNATTSPYRNA – KÖKUSKREYTINGAR – KÖRFUBOLTI – MÓTOKROSS – PÍLUKAST – RAFÍÞRÓTTIR – SKÁK
STAFSETNING – STRANDBLAK – STRANDHANDBOLTI – SUND – TAEKWONDO – UPPELSTUR

TÓNLEIKAR Á KVÖLDIN:

GDRN – BRÍET – HERRA HNETUSMJÖR – FRÍÐRIK DÓR
STUÐLABANDIÐ – SPRITE ZERO KLAN – MOSKVÍT – OG FLEIRI



nettó



Skráning á ulm.is

Ævintýralegur félagsskapur



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr
@frettabladid.is

Á Gufuá í Borgarfirði er hægt að fá að fara í göngu með geit í taumi. Sigríður Ævarsdóttir bóndi segir að geiturnar séu mannelskar en uppátækjarsamar og það sé ævintýrlegt að vera með geitunum og fylgjast með samskiptum þeirra.

Sigríður Ævarsdóttir, bóndi á Gufuá í Borgarfirði, tók upp á því að venja geiturnar sínar við taum til að gera þær meðfærilegri í daglegu amstri, en datt svo í hug að öðrum gæti þótt þetta skemmtileg og öðruvísi upplifun og hóf að bjóða upp á göngur með geitunum.

Hún segir að geitalabbíð sé ekki mjög flókið í framkvæmd.

„Ég veit fyrirfram hvað margir koma og geri þær geitur sem þarf tilbúna. Taumurinn fer í múl sem er á geitunum og þær teymast ágætlega,“ segir hún. „Akkúrat núna er reyndar einhver frekjugangur í þeim, því það er svo margt sem þær langar að éta úti sem þær finna ekki á túninu þar sem þær eru vanalega. Meðfram ánni sem við löbbum hjá er lyng, birkilauf og fleira sem hefur einhver efni sem þær vantar og fá ekki úr grasinu um þetta leyti.“

Þetta er auðveld ganga eftir veiðivegi og geiturnar taka upp á ýmsu á leiðinni, yfirleitt tengt því að éta, því þær sjá lítinn tilgang í að fara í göngutúr ef það er ekki til að finna eitthvað ætílegt,“ segir Sigríður. „En þær eru mannelskar að upplagi og jafnvel þó að maður missi tauminn fara þær ekki langt. Þetta eru allt geltir hafrar og flestir hafa horn, en þeir eru allir mjög góðir og ekkert hættulegir.“

Afslappandi upplifun

„Það tók geiturnar stuttan tíma að venjast því að vera í taumi. Við erum búin að vera að temja hesta, það hefur verið okkar aðalstarfsemi í gegnum tíðina og það var bara sjálfsagt að temja þær líka, svo það væri hægt að umgangast þær án þess að þær væru stanslaust á hlaupum undan okkur,“ segir Sigríður. „Þetta virkar svipað og að temja hesta, en tekur styttri tíma.“

Austur/Ólafur vakti á „Precision“ tveimur laufum (a.m.k. 5 lauf og 11+punktar) og suður doblaði. Pétur, sem sat í vestur, stókk í fjóra spaða. Þeir voru passaðir yfir til suðurs sem doblaði aftur og sá samningur spilaður. Norður spilaði út hjarta og suður reyndi drottningu og ás í litnum. Pétur trompaði síðara hjartað og spilaði spaðakóng. Suður drap á ás og spilaði tígulkóng. Pétur drap á ás í blindum, trompaði hjarta og spilaði spöðum í botn. Hann skildi eftir ÁK9 í laufi og tígulgosa í blindum. Suður ákvað að henda einu laufi, henti öllum hjörtunum og átti eftir D8 í tígli (og D10 í laufi). Pétur þurfti að áætla hvort suður hafi byrjað með þrjá tígla og fjögur lauf, eða fjóra tígla og þrjú lauf. Hann valdi fyrri kostinn, spilaði laufi á ás og tígulgosa úr blindum. Þá þurfti suður að spila laufi frá drottningu. Suður tók hins vegar spilið einn niður með því að taka tvo slagi á tígul. ■

Lausnarorð síðustu viku var **ÆÐARDUNSSÆNG**



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur. ■

LÁRÉTT

- Nota úmiak við stelpustand (9)
- Lofa skjól og prisa (4)
- Skilst að hregg og hrina lykkti af ágöngum (9)
- Getur reykur skorðað ótraust tað? (9)
- Tek hléin í Rúanda (6)
- Flókið mál um ræsi og þökuframléiðslu (9)
- Um svell á hjörum skeiðum á skæðum þar til gerðum (9)
- Tek dúrana í miðri Afríku (6)
- Heimskra manna hólur geymir fleira en Fiji (8)
- Í sundurtættu skinnriti segir af heilagri Jóhönnu (9)
- Vitstola vinn ég mitt verk, með fullmikilli fyrirhöfn þó (6)
- Nefnd fær hér náttáð meðan þið berið saman bækur ykkar (7)
- Aggi óvirðir alla þá sem minni eru en mýflugur (10)
- Gerast Íslandsferðalangar vegna líkferðar (7)
- Gramar vegna þessa eilífa garra (5)
- Alltaf dreymt um einhleypan mann sem hægt er að ná sambandi við (10)
- Hvernig skyldi kór koma heilu landi í uppnám? (7)
- Skyldi þetta duga til að afla upplýsinga? (5)
- „Jafn“ og „sama“ – er hægt að bera það saman? (8)
- Ákvarða hvenær botnfall ára varð til (7)
- Rista skal rimar rún ef garðarnir ganga úr skorðum (8)
- Þessi bytta þolir ekki meira (8)
- Forn nögl með aldur á við dúkknál (7)
- Sé ég hér mann manns konungs? (9)
- Breki er mikill glæpagandur (8)
- Dæmd fyrir að taka mál, en vítið er vægt (6)
- Fæ illt í minn anda ef gáta og glæpasaga klikka (7)
- Fimmta hefti þessa flokks setur allt í rétta röð (8)
- Hér er mynd af mynd (6)

LÓÐRÉTT

- Afkimi óforbetranlegra nánasa (9)
- Ásæki skráp og lungamjúkt leður (9)
- Eftir miklið strit sveltir hún sig fyrir óbifanlegar kreddur (9)
- Samþykkjum svolitla töf, enda lent í þeim mörgum (9)
- Öll dýr eru jöfn en sum jafnari en önnur – geturðu afhent betri? (9)
- Lítill lömb finna gull (8)
- Hér segir af urptar vélum og vopni (8)
- Hef alið æðar og kastað þeim á ný (9)
- Hver á að sjá um þessa smala? (5)
- Tipla á mörkum kúreka-hoppis og sirkúsatriðis (9)
- Þegar meistara rúa rúg fer allt á haus (6)
- Tímabil iðrunar sló mig illa en skilaði engu (13)
- Réttum róttækum hjálparhönd, öllum til hagsbóta (9)
- Fóru fúl í brönsinn og átu pungana og hvalinn (9)
- Hersing jarðar hirti allar (9)
- Hún er bæði laus og lin/ljúf og bljúg er drottningin (7)
- Málar gras fyrir ringlaðar gimbrar frá því í fyrra (9)
- Ræð hraustan mann til hjálpar ef við flytjum þetta dót (5)
- Viðkvæm veldi eiga sjaldan langt valdaskeið (7)
- Það var nótt og við bæði hífuð og í okkur einhver beygur (9)
- Fleygiferð Persiu hrellir þarlandan pilt (8)
- Flygildi eða flottur kaggi? Hvort dugar nú betur til veiða? (6)
- Nákonan sér þá nábleikan ungan (6)
- Eins má finna bók meistara (6)
- Hvað meina þau með sínu síðasta orði? (5)
- Þau tvö héldu Öggu uppi (4)
- Snotur kváðu um otur (4)

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **10 mínútur og sekúndur í þessari undarlegu veröld eftir Elif Shafak** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Einar G. G. Pálsson, Borgarnesi**.



Jeep | 4xe

KYNNUM NÝJAN JEEP®

COMPASS

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

NÚ FÁANLEGUR Í TRAILHAWK ÚTFÆRSLU



5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 ÁRA ÁBYRGÐ Á
DRIFRAHLOÐU

PLUG-IN HYBRID

*NÝ HÖNNUN, NÝ INNRETTING, NÝ TÆKNI, NÝR ÖRYGGISBÚNAÐUR



VERÐ HLAÐINN AUKABÚNAÐI FRÁ

6.399.000 KR.*

*SVARTUR LIMITED. AÐRIR LITIR 6.562.000

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á JEEP.IS

- STÆRRI VÉL 240 HÖ
- 360° MYNDAVÉL
- LÁGT DRIF
- LEÐURSÆTI OG MÆLABORÐ
- SNERTILAUS OPNUN AFTURHLERA
- FJARLÆGÐARSTILLTUR HRAÐASTILLIR

ISBAND


UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18



www.frettabladid.is




Veðurspá Laugardagur




Í dag verður yfirleitt hæg vestlæg átt 3-8 m/s. Skýjað og stöku skúrir norðaustan og austan til fyrir hádegi en léttir til eftir hádegi. Annars staðar verður yfirleitt léttskýjað. Hiti 12-22 stig, hlýjast á Suðausturlandi. Áfram þurrt á morgun og hlýnar á ný norðaustan og austan til. ■

Sunnudagur Mánudagur


Reykjavík




Ísafjörður




Akureyri



Egilsstaðir



Kirkjubæjarklaustur



Þurr helgi



Sigurður Þ. Ragnarsson
veður
@frettabladid.is

Í dag, sól og ágætum hita, eða 14 til 15 stigum. Sólarlitið verður reyndar á morgun ef marka má spár en það er bót í máli að horfur eru á þurrviðri. Annað markvert er að þessi há hiti á Norðaustur- og Austurlandi tekur sér hlé í dag og hitinn þar verður nálægt 15 stigum um miðjan daginn. Hins vegar tekur hitastigið að stíga á nýjan leik strax á morgun á þeim slóðum með hita um eða yfir 22 stigum þar sem hlýjast verður. Það eru líka góðar fréttir fyrir ferðalanga að helgin verður þurr um allt land ef undan eru skildar þessar skúrir sem loða við norðaustanvert landið núna fyrir hádegi. ■

Undanfarna daga hefur fólk komið að máli við mig og kvartað yfir hvernig júlí sé búinn að vera á höfuðborgarsvæðinu. Þar hafi varla sést til sólar það sem af er júlí. Þeir hinir sömu ættu að geta tekið gleði sína á ný því horfur eru á mjög góðu veðri í höfuðborginni

Pondus



Gelgjan



Barnalán



Við getum ekki komið í veg fyrir að þú breytist í foreldra þína ...

En við getum tryggt að þú vitir hvað er að fréttu!



Verið hjartanlega velkomin á Menningarveislu Sólheima 2021

Sólheimar voru stofnaðir af Sesselju Hreindísi Sigmundsdóttur
5. júlí 1930 og fögnum við því 91 árs afmæli í ár.
Að venju verður margt um að vera á Menningarveislunni:

Tónleikar

Alla laugardaga í sumar
Laugardaginn 17. júlí kl. 14:00
Axel Ó og Dan Cassidy

Áhugaverðar sýningar

Sólheimahús
Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir Sólheimar 1930-2020
Lionsklúbburinn Ægir verndarenglar Sólheima í 64 ár

Íþróttaleikhús Sólheima
Leikfélag Sólheima í 90 ár 1931-2021

Listhús Grænu könnunar
Samsýning vinnustofa

Kaffhús Grænu Könnunar
Flekamyndir eftir Gerhard Könnung

Höggmyndagarður
Í garðinum eru afsteypur listaverka eftir frumkvöðla íslenskrar
höggmyndalistar frá aldamótunum 1900

Markaðstorg

Sælkeri og handverksmarkaður
Útmarkaður allar helgar til 15. ágúst. Þar verða ferskar lífrænar
afurðir frá gróðurhúsum og matvinnslu Sólheima ásamt lífrænt
ræktuðum plöntum og trjám úr skógræktarstöðinni til sýnis og sölu.
Sælkeramatúr úr sunnlenskum sveitum, handverk hagleiksfélks,
listmunir og margt margt fleira.

Veitingar

Vala og Græna Kannan opin alla daga í sumar frá 11-18.
Upplifðu Sólheima með bragðlaukunum á Grænu könnunni í hjarta
Sólheima og í versluninni Völu fást allar Sólheimavörurnar,
handgerðirlistmunir, grænmetið, kertin og aðrar nauðsynjavörur.

Sólheimakirkja
17. júlí - kl. 14:00
Axel Ó og Dan Cassidy



Sólheimakirkja
24. júlí - kl. 14:00
Herra Hnetusmjör



Sólheimakirkja
31. júlí - kl. 14:00
Teitur Magnússon



Sólheimakirkja
7. ágúst - kl. 14:00
Gissur og Jónas Þórir



Sólheimakirkja
14. ágúst - kl. 14:00
Þorgeir Ástvaldsson
og vinir
Minnigartónleikar
Ragga Bjarna



Sólheimakirkja
21. ágúst - kl. 14:00
Fríða Dís



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG





Skuggamyndir frá Býsans halda tónleika í Hallgrímskirkju í Saurbæ.

Skuggamyndir í Saurbæ

kolbrunb@frettabladid.is

Sunnudaginn 18. júlí kl. 16 mun hljómsveitin Skuggamyndir frá Býsans halda tónleika í Hallgrímskirkju í Saurbæ, Hvalfirði, en þetta er í þriðja sinn sem hljómsveitin leikur í kirkjunni. Hljómsveitin leikur tónlist frá Suðaustur-Evrópu sem oft nefnist balkantónlist, en sú tónlist er annálúð fyrir dulúð og tilfinningahita.



Leikinn verður rjóminn af prógrammi Skuggamynda undanfarin 11 ár svo og nokkur íslensk þjóðlög í austrænum búningi.

Hljómsveitin hefur verið starfrækt í 11 ár og leikið á yfir 400 viðburðum á Íslandi en einnig á tónlistarhátíð í Norður-Makedóníu sem og komið fram í Færeyjum. Skuggamyndir hafa gefið út tvo geisladiska í fullri lengd og eina rafræna stuttskífu. Leikinn verður rjóminn af prógrammi Skuggamynda undanfarin 11 ár svo og nokkur íslensk þjóðlög í austrænum búningi. Hljómsveitina skipa þeir Haukur Gröndal, Ásgeir Ásgeirsson, Erik Qvick og Þorgrímur Jónsson. ■

Í sporum framtíðarmanneskju

Jörðin dafnar/Earth Abides er yfirskrift sýningar Guðrúnar Töru Sveinsdóttur í Harbinger á Freyjugötu.

kolbrunb@frettabladid.is

Heiti sýningarinnar er fengið frá vísindaskáldsögunni Earth Abides eftir George R. Stewart. Bókin kom út árið 1949 og hefur ratað á lista yfir bestu vísindaskáldsögur allra tíma.

„Pabbi minn átti þessa bók sem var á lestrarlista hjá honum í skóla í Ameríku. Ég las bókina fyrir nokkrum árum. Hún fjallar um eyðingu nánast alls mannkyns vegna drep-sóttar. Örfáar manneskjur eru á lífi og í bókinni er því lýst hvernig borgir og náttúra taka við sér og inn á milli eru vísindalegar útskýringar, til dæmis á því hvað verði um hundana, rotturnar, kakkalakkana og vatns-virkjanirnar. Þessi bók hefur haft sterk áhrif á mig og listsköpun mína,“ segir Guðrún Tara.

Á sýningunni í Harbinger sýnir hún fjölda skúlptúra. Þeir eru flestir gerðir úr gífsafsteypum af umbúðapakkningum, lituðum með textíl-litum, en einnig er að finna í þeim tau, steina og önnur náttúruæfni. „Ég er mamma og listin verður meðal annars til úr efnum sem finnast á heimilinu. Ég er með algjöra söfn-unaráratu og sonur minn finnur oft líka flotta hluti og kemur heim með þá,“ segir Guðrún Tara.

Iðnaður og neysla

Margir hlutanna koma einnig úr gönguferðum hennar á bersvæðum og fjöruferðum með hundinn sinn, hlutir sem hún segir stundum vera erfitt að meta hvort séu af náttúrunnar hendi eður ei. „Mér finnst ég vera í sporum eins konar framtíðarmanneskju sem hefur auga fyrir skrytnum og skemmtilegum hlutum. Í verkunum er eins og það hafi orðið samruni náttúru og neysluvarnings.“

Uppruni efna, vinnsla þeirra og afdrif í umhverfinu eru Guðrúnu Töru hugleikin. „Ég lærði bæði fatahönnun og myndlist og nota oft gífs og textíl við gerð verkanna. Allt sem ég geri hefur vísanir í iðnað og neyslu.“

Í stað hefðbundinna stöpla hefur Guðrún Tara kosið að koma verkunum fyrir á stöplum úr viðardrumbum og grjóti. Þannig verður skírskotunin til náttúrunnar enn skýrari en ella.

Sterk samfélagsvitund

Verkin á sýningunni, þar sem iðnað-



Allt sem ég geri hefur vísanir í iðnað og neyslu, segir Guðrún Tara.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR



Verkin eru á stöplum úr viðardrumbum og grjóti.



Í verkunum er eins og það hafi orðið samruni náttúru og neysluvarnings.

arvarningur er áberandi, hljóta að minna áhorfandann á að maðurinn er að menga jörðina „Þetta á líka að minna á það að ef við hverfum þá mun jörðin halda áfram að finna sína leið til að vera til.“

Spurð hvort hún sé pólitískur listamaður segir Guðrún Tara: „Já, og ég hef barist fyrir því að það sé kúl. Það er ekki auðvelt því þetta er

viðkvæmt fyrir fólki, líka innan myndlistarinnar. Ég tel mig vera á óræðu svæði þar sem pólitíkin er ekki æpandi, en drifkrafturinn í öllu sem ég geri er sterk samfélagsvitund.“

Sýning hennar í Harbinger stendur til 21. ágúst og opið er í Harbinger föstudaga og laugardaga á milli klukkan 14 og 17. ■

RAUNVERULEIKINN SKÍN Í GEGN






AÐEINS

3.990 kr./mán



stod2.is

ÞINN STUÐNINGUR ER OKKAR ENDURHÆFING



Ljósavinir hafa snert líf mitt án þess að vita það. Komdu í hópinn!

Í Ljósið leita hundruðir einstaklinga í endurhæfingu í hverjum mánuði en einnig fá þar aðstandendur stuðning og fræðslu. Greiningum á krabbameini fjölgar en á sama tíma verða lífslíkur betri. Því er aukin þörf á faglegri endurhæfingu fyrir líkama og sál.

Við þurfum fleiri ljósavini. Vertu mánaðarlegur styrktaraðili á www.ljosid.is



ÞJÓÐIN ER AÐ HORFA Á HRINGBRAUT!




33%
30 ára og eldri horfa
vikulega á Hringbraut*



49%
50 ára og eldri horfa
vikulega á Hringbraut*



66%
68 ára og eldri horfa
vikulega á Hringbraut*



*Áhorfskönnun MMR - 26. nóv. - 4. des. 2020

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING á Hringbraut
og hringbraut.is



Laugardagur

Hringbraut

- 18.00 Besti maturinn (e)** Sígildur þáttur frá fyrri árum Hringbrauta þar sem Vala Matt fékk til sín þjóðþekkt einstaklinga sem kepptu um að gera besta matinn.
- 18.30 Sir Arnar Gauti (e)** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitinga-húsameningu, arkitektúr og margt fleira.
- 19.00 Á Meistaravöllum** Gamli og nýir KR-ingar láta gamminn geisa um félagið sitt.
- 19.30 Höldum áfram (e)** Hringvegurinn um Ísland farinn með Samtökum atvinnulífsins.
- 20.00 Höldum áfram (e)**
- 20.30 Sir Arnar Gauti (e)**

RÚV Sjónvarp

- 07.15 KrakkaRÚV**
07.16 Rán - Rún
07.21 Poppý kisukló
07.32 Lundaklettur
07.39 Tölukubbar
07.44 Eðlukrúttin
07.55 Bubbi byggir
08.06 Millý spyr
08.13 Unnar og vinur
08.35 Stuðboltarnir
08.46 Hvolpasveitin
09.09 Grettir
09.22 Víkingaprautin Á Þjóðminjasafninu
09.32 Nei sko! Tilraun - Sykur-snákur
09.35 Stundin okkar
10.00 Hvað getum við gert? Fornhagablokkinn
10.05 Síðasta áminningin
11.10 Kappsmál
12.00 Bækur og staðir
12.10 Tónaflóð um landið Akureyri
13.40 Innlit til arkitekta - Jonas Lindvall
14.10 Soð í Dýrafirði Kaldbakur
14.25 Handritin - Veskú
15.20 Heimur myndasagna með Robert Kirkman
16.05 Diddú
16.45 Draugagangur
17.15 Ólympiukvöld ÓL 1996
17.50 Táknálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Krakkar í nærmynd Suma
18.18 Jörðin Hversu mikið er nóg?
18.27 Frimó Upplit og Hleypa af stokkum
18.38 Rammvilt Flöskuskeytið
18.45 Landakort Flótti undan brotajárnsöfnunum
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Goðheimar Valhalla
21.30 Stjörnur deyja ekki í Liverpool Film Stars Don't Die in Liverpool
23.15 Bókmennta- og kartöflubökufélagið The Guernsey Literary and Potato Peel Pie Society
01.15 Dagskrárlök

Stöð 2 Golf

- 09.00 The Open Championship** Bein útsending frá Opna breska meistaramótinu.
- 13.00 The Open Championship** Bein útsending.
- 16.00 The Open Championship** Bein útsending frá Opna breska meistaramótinu.
- 19.00 PGA Tour 2021** Bein útsending frá Dow Great Lakes Bay Invitational.
- 22.00 2021 Ana Inspiration Charity Event - Annika Foundation**

Sjónvarp Símans

- 06.00 Síminn + Spotify**
11.15 The Block
12.20 Amazing Hotels. Life Beyond the Lobby
13.25 Pabbi skoðar heiminn
14.00 Áskorun
14.30 Vinátta
15.00 Trúnó
15.30 Kokkafلاك
16.00 Hver drap Friðrik Dór?
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Lifum lengur
18.05 Með Loga
19.05 The Block
20.10 I Still Believe
22.05 Danny Collins
23.55 Bumblebee
01.45 The Expendables 3
03.50 Love Island

RÚV Rás eitt

- 06.55 Morgunbæn og orð dagsins**
07.00 Fréttir
07.03 Vinill vikunnar
08.00 Morgunfréttir
08.05 Þar sem ennþá Öxará rennur Margt er sér til gamans gert
09.00 Fréttir
09.05 Á reki með KK
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Ástarsögur Fanney, Pétur og strætókona; Edda Stephen og útskriftarferðin
11.03 Vikulokin
12.00 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Augnablik um sumar
13.00 Bitlatíminn
15.00 Flakk - Flakk um Hamraborg í Kópavogi
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Út vil ek Tibet, Tékkland og Grikkland
17.00 Þar sem orðunum sleppir 12 tónar og seríur
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Í ljósi sögunnar McMartin-málið
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sveifludansar Tríó Bud Powell, Tríó Jesper Thilo og Tríó Sunnu Gunnlaugs
20.55 Úr gullkistunni Um Jóhannes úr Kötlum
21.15 Bók vikunnar Ástin fiskanna
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Litla flugan Sigfús Halldórsson
23.00 Vikulokin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

Stöð 2 Bíó

- 11.45 Kapteinn Skögultönn og töfrademanturinn**
13.00 Annie Skemmtileg fjölskyldumynd frá 2014, byggð á sögunni af hinni munaðarlausu Annie sem flestir muna eftir.
14.55 Johnny English
16.20 Kapteinn Skögultönn og töfrademanturinn
17.35 Annie
19.30 Johnny English
21.00 Welcome Home
22.35 A Star Is Born Mögnuð mynd frá 2018 með Bradley Cooper og Lady Gaga í aðalhlutverkum.
00.45 Anon
02.20 Welcome Home

Stöð 2

- 08.00 Laugardagssögur**
08.01 Sögur af svöngum björnum
08.05 Örstutt ævintýri
08.10 Ég er kynlegt kvikmyndi
08.12 Örstutt ævintýri
08.14 Greinda Brenda
08.17 Börn sem bjarga heiminum
08.20 Vanda og geimveran
08.30 Monsurnar
08.40 Ella Bella Bingó
08.50 Blíða og Blær
09.10 Leikfélag Esóps
09.20 Latibær
09.30 Dagur Diðrik
09.55 Mörgásirnar
10.15 Angelo ræður
10.25 Mia og ég
10.50 K3
11.00 Denver síðasta risaeðlan
11.10 Angry Birds Stella
11.20 Hunter Street
11.40 Friends
12.30 Bold and the Beautiful
13.55 Bold and the Beautiful
14.15 The Great British Bake Off
15.15 Golfarinn
15.50 GYM
16.20 The Titan Games
17.05 The Greatest Dancer
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakinn
18.53 Lottó
18.55 Impractical Jokers
19.15 Justice League Dark. Apokalips War
20.45 The Photograph
22.30 The Shawshank Redemption
Allt gengur unga banka-stjóranum Andy Dufresne í hagin þar til hann er skyndilega ákærður fyrir morð á eiginkonu sinni og ástmanni hennar.
00.50 Godzilla. King of the Monsters
02.55 Hunter Street
03.20 Friends
04.05 The Titan Games Dwayne „The Rock“ Johnson er kynni í þessari merkilegu keppni, Jötnaleikarnir.

Stöð 2 Sport

- 08.45 Stjarnan - KA** Útsending frá leik í Mjólkrubikar karla.
10.25 Þróttur R. - FH Útsending frá leik í Mjólkrubikar kvenna.
12.05 HK - Víkingur R. Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
13.45 KR - Keflavík
15.30 Pepsi Max Upphitun
15.50 ÍA - Valur Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
18.00 Pepsi Max Stúkan
18.20 Þróttur R. - FH
20.00 Breiðablik - Valur Útsending frá leik í Mjólkrubikar kvenna.
21.40 ÍA - Valur
23.20 Þór - Grindavík Útsending frá leik í Mjólkrubikar karla.

Stöð 2 Sport 2

- 08.45 Úkraína - Norður Make-dónía**
10.25 Danmörk - Belgía
12.10 Buffalo Bills - Seattle Seahawks
14.40 Holland - Austurríki
16.20 Olympiacos - Arsenal
18.05 Manchester United - AC Milan
19.45 Liverpool - Ajax
21.25 Chelsea - Barcelona Útsending frá úrslitaleik í Meistaradeild Evrópu kvenna.
23.10 Manchester City - Watford
01.00 Phoenix Suns - Milwaukee Bucks Bein útsending.

Sultuslakur sendiherra slær í gegn á Twitter



Þórarinn Þórarinnsson
thorarin
@frettabladid.is

Ryotaro Suzuki, nýr sendiherra Japans, er þegar byrjaður að læra íslensku og gengur vel að sanka að sér íslenskum fylgjendum á Twitter, þar sem óhætt er að segja að hann hafi bæði slegið í gegn og á hressilega strengi.

Ryotaro Suzuki hóf störf á Íslandi fyrir rétt rúmum mánuði og segist kunna virkilega vel við sig, eftir stutta dvöl á Íslandi. Hann byrjaði að læra íslensku áður en hann steig fæti á íslenska grund og ekki annað á honum að heyra en vel gangi að aðlagast landi og þjóð.

„Ég er búinn að vera í utanríkisþjónustunni nokkuð lengi. Næstum 40 ár,“ segir Suzuki og bætir við að staða hans á Íslandi sé sú áttunda sem hann tekur erlendis. „Ég hef meðal annars verið í löndum eins og Svíþjóð og Kanada þannig að veðrið hérna og loftslagið truflar mig ekki neitt. Þótt það sé mjög ólíkt Japan þar sem eru regntímabil og frekar heitt og rakt,“ segir sendiherrann og hlær.

„Þetta er búinn að vera ósköp huggulegt. Ég þurfti vitaskuld að eyða fimm dögum í sóttkvi þar sem ég hafði ekki verið bólusettur,“ segir hann og hlær. „En þar fyrir utan hefur þetta verið fint og forsetinn og það fólk hjá því opinbera sem ég hef hitt hingað til hefur verið mjög almennilegt við mig. Eins og í raun íslenskur almenningur líka,“ segir sendiherrann og vikur að íslenskunámi sínu.

Íslenskar áherslur í Tókyó

„Ég er búinn að læra nokkur orð og nokkrar kveðjur. Ég var með góðan kennara í Japan áður en ég kom hingað,“ segir sendiherrann, sem leitaði til sendiráðs Íslands í Tókyó þar sem hann fékk góða aðstoð við að átta sig á helstu undirstöðum í íslenskum framburði.

Hann bendir jafnframt á að vitaskuld skipti ekki sköpum fyrir hann sem sendiherra að læra tungumálið, þar sem á Íslandi sé eðlilegt og algengt að eiga samskipti á ensku.

„Japanskir diplómatar eru ekki undirbúnir með tungumálanámi og það er í raun eitt af áhugamálum mínum að læra íslensku og ég reyni að sinna því eins og ég mögulega get.“

Tístir af einlægni

Fljótlega eftir að Suzuki kom til landsins byrjuðu einlægar, opnar og skemmtilegar Twitter-færslur hans að vekja athygli og hafa borið



hróður hans um landið og miðin á skómmum tíma.

„Ég er fyrsti japanski sendiherrann á Íslandi sem er með opinberan Twitter-reikning og ég held mér gangi ágætlega. Sérstaklega í ljósi þess að ég er rétt búinn að vera hérna í mánuð,“ segir Suzuki og hlær eins og honum virðist mjög eðlislægt.

Enda hefur þú vakið nokkra aðdáun fyrir hversu virkur og einlægur þú ert á Twitter.

„Takk fyrir það, kærlega,“ segir Suzuki og bendir á að hann hafi byrjað á samskiptaforritinu fyrir aðeins örfáum mánuðum. „Ég reyni að vera eins slakur og ég get og fólki virðist líka það vel,“ segir sendiherrann og hlær.

„Til að byrja með var ég ekki með marga fylgjendur, en eftir að ég kom hingað virðast margir hafa fengið áhuga á þessu ferðalagi mínu hérna á Íslandi. Það hefur í raun komið mér skemmtilega á óvart hversu talan hækkar hratt,“ segir Suzuki, sem er kominn með vel yfir 2.400 fylgjendur og bætir við að það hafi komið sér á óvart að sjá ráðherra í ríkisstjórn Íslands þar á meðal.

Sandalar og hlýhugur

Og talandi um íslenska ráðherra þá vakti nýlegt tist Suzuki um fund hans og Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra athygli, rataði í fjölmiðla og vakti víða kátínu. Ekki síst þar sem sendiherrann

hafði sérstaklega orð á því hversu hávaxinn og myndarlegur fjármálaráðherra Íslands væri. „Hann er mjög huggulegur og geðþekkur náungi, eins og ég tísti reyndar um,“ segir Suzuki.

Sendiherrann vakti fyrst almenna athygli með tísti sem fór víða, þegar hann óskaði eftir ábendingum um hvernig best væri fyrir hann að klæða sig upp fyrir götugrill sem honum hafði verið boðið í. „Það voru svo margir huggulegir við mig og vildu hjálpa mér að velja fatnað. Þetta var mjög hvetjandi og lýsandi fyrir þann hlýhug sem Íslendingar hafa sýnt mér,“ segir sendiherrann og hlær.

Suzuki var meðal annars bent á að mæta í götugrillið á sandöllum, en hann hafnaði því tiskuráði mjög eindregið. „Það var nú bara grín,“ hlær Suzuki. „Í fyrsta lagi á ég ekki sandala, þannig að þetta var aldrei valkostur. En þetta var skemmtilegt og ég fékk mörg góð ráð.“

Fróðlegur nágrannafundur

Sendiherrann segir að Ísland og Íslendingar hafi enn og aftur komið honum ánægjulega á óvart í sjálfu götugrillinu, þar sem hann áttaði sig á að talsverður fjöldi gesta og nágranna hans hafa mikil og margvisleg tengsl við Japan.

„Þarna fékk ég tækifæri til að ræða við nágranna mína og enn og aftur kom það mér skemmtilega

Ryotaro Suzuki er nýr sendiherra Japans á Íslandi en hann hefur á undraskómmum tíma stimplað sig hressilega inn í huga og hjörtu fjölmargra Íslendinga með opinskáum og einlægum Twitter-færslum um kynni sín af landi og þjóð.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Suzuki er að sjálfsögðu búinn að kíkja á gosstöðvarnar og færði þá heimsókn auðvitað til bókar á Twitter.

MYND/RYOTARO SUZUKI



Sendiherrann tísti um fund sinn með fjármálaráðherra sem hann lýsir sem „huggulegur náunga“.

MYND/RYOTARO SUZUKI

óvart hversu margir voru vingjarnlegir í garð japansks diplómata. Síðan virtust svo margir hafa tengingar eða tengsl við Japan,“ segir Suzuki sem komst, sér til nokkurrar furðu, að því að fjöldi fólks í Reykjavík hefur ýmist persónuleg eða viðskiptaleg tengsl við landið hans. „Japan er fjarlægt land, en við erum samt mjög nálæg.“

Suzuki segir sendiherrastarfið á Íslandi óeitanlega þægilegt, enda samskipti ríkjanna vinsamleg og góð. Þá segist hann aðspurður vonast til þess að fá að vera eins lengi og mögulegt er á Íslandi.

„Allir diplómatar verða auðvitað að koma og fara. Sendiherra Bretlands, sem er að vísa á förum í ágúst, var hérna í fimm ár. Ef ég gæti verið hérna í fimm ár yrði ég mjög ánægður. Ef ég næ því get ég líka farið að tala íslensku í viðtölum,“ segir Ryotaro Suzuki. Og hlær. ■

Það voru svo margir huggulegir við mig og vildu hjálpa mér að velja fatnað. Þetta var mjög hvetjandi og lýsandi fyrir þann hlýhug sem Íslendingar hafa sýnt mér.

SPENNAN MAGNAST

AÐEINS

3.990 kr./mán

stod2.is

Boozt.COM

FASHION KIDS SPORT HOME BEAUTY



HAPPY
SHOPPING

2-3 DAGA
AFHENDING

HAPPY SALE

LAUREN RALPH LAUREN / ADIDAS / TOMMY HILFIGER / SAMSØE SAMSØE /
DAY BIRGER ET MIKKELSEN / BILLI BI / GANNI / FILIPPA K +700 BRANDS

Lífið í vikunni

11.07.21

17.07.21



Svakaleg Þjóðhátíð

XXX Rottweilerhundar verða í fremstu vöglínu á Þjóðhátíð og Blaz Roca spáir svakalegri Þjóðhátíð frá upphafi. JóiPé & Króli, Klara Elias, Háski, Guðrún Árný, Pálmi Gunnars, Sprite Zero Klan og Hipsumhafs hafa einnig bæst í hópinn.



Heillandi Dýr í Cannes

Valdimar Jóhannsson og föruneysi kvikmyndarinnar Dýrið gerðu stormandi lukku í Cannes, þar sem myndin fékk standandi lófatak að lokinni heimsfrumsýningu og hópurrinn er í „rosalegri stemningu“ eins og hann orðaði það í Fréttablaðinu.



Máttugar meyjar

Skapandi kraftur kvenna var allsráðandi þegar tónlistarkonurnar Briet, Cell7, Klara Elias, Ragga Gröndal, Siggy og Suncity komu saman á tónleikum í Gamla bíói, til að vekja athygli á hæfileikum kvenna í karl-lægum tónlistariðnaði.




Elfgrime dressar sig upp

TikTok-stjarnan Elfgrime, Álfgrímur Aðalsteinsson, talaði við Fréttablaðið um nýja fatalínu og Elfgrime-varning, sem hann hefur hleypt af stokkunum í tilefni þess að hann hefur rofið 10.000 fylgjenda múrinn á samskiptaforritinu.

STILLANLEG RÚM HEILSURÚM OG -DÝNUR GAFLAR SÆNGUR KODDAR SVEFNSÓFAR STÓLAR SÆNGURFÓT, O.F.L.

ÚTSALAN ER Í GANGI!



Betra
BAK

SUMAR- ÚTSALA BETRA BAKS ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

EKKI MISSA AF ÞESSU

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

Betra
BAK



Illugi og Vera lesa Tólf keisara eftir Súetóníus. Illugi segir höfundinn hafa lagt sig fram um að vera við alþýðuskap og skemmta fólki og hann hafi lagt sig fram um að fylgja því mjög eindregið eftir í þýðingunni. **MYND/STORYTEL**

Safaríkur subbuskapur

Illugi Jökulsson lýsir nýrri þýðingu sinni á ævisögum tólf Rómarskeisara eftir sagnaritarann Súetóníus, sem 2000 ára gömlu „sex, drugs, and rock 'n' roll“ en hann og Vera, dóttir hans, skipta með sér upplestri á þessum safaríka og sagnfræðilega subbuskap á Storytel.

toti@frettabladid.is


„Þetta er, svo ég orði það nú bara hreint út, alveg drulluskemmtilegt,“ segir Illugi Jökulsson, um þýðingu sína á bókinni Tólf keisara eftir rómverska rithöfundinn og sagnaritarann Súetóníus.

„Þetta er náttúrulega grundvallarrit í Rómarsfræðum þótt það sé talið svona frekar af léttara taginu, því Súetóníus hefur gaman af að segja skemmtilegar sögur af sínum viðfangsefnum.“

En þetta er þó ein af helstu og traustustu heimildunum sem við höfum um þessar allra fyrstu aldir rómverska keisaradæmisins þegar keisararnir eru að kveða niður lýðveldið, taka öll völd og verða svo einráðir að þeir geta bara gert það sem þeim sýnist og drepið þá sem þeim sýnist.“

Ofbeldi og saurlífi

Aðspurður, segir Illugi að keisararnir hafi einnig haft ríka tilhneingingu til þess að verða drepnir sjálfir. „Já, það var ekki mikið atvinnuöryggi í þessu fagi. Vægast sagt. Þeir dóu fæstir á sóttarsæng. En þetta var bara ákveðin áhætta sem þeir tóku með því að skjast eftir þessu embætti,“ heldur Illugi áfram og bætir við að þeir hafi líka getað sængað hjá hverjum sem er, svo það sé orðað á sem kurteislegastan hátt.



Tólf keisara
Tiberius
Caligula

„Þetta eru bara skemmtisögur. Það er ekkert annað. En svo fær maður heilmikinn fróðleik í leiðinni,“ segir Illugi um Tólf keisara.

Illugi segir að Tólf keisara séu náttúrulega aðallega 2000 ára „sex, drugs and rock n roll“. „Já, þetta er það eiginlega í rauninni, svona inn á milli, en þetta er nokkuð pottþétt sagnfræði og alvöru heimild þótt Súetóníus þyki dálítið léttur á bærinni,“ segir Illugi og bendir á að ritid beri þess merki að um ævisögur sé að ræða frekar en beint sagnfræðirit.

„Hann er að segja ævisögur þessara manna og bæði kost og einkum og sér í lagi löst á hverjum fyrir sig. Þetta er sem sagt bara vöð merkileg, skemmtileg og að sumu leyti fróðleg og lærdómsrík saga.“

Það er til dæmis með hreinustu ólíkindum þegar maður er að lesa um þann alræmda skálk Neró, hvað hann er í sinni ótrúlegu hegðunargirnd svipaður ákveðnum fyrrverandi Bandaríkjaforseta,“ segir Illugi og bætir við að þarna megi finna ýmsar aðrar hliðstæður við núverandi leiðtoga fyrr og síðar.

Góðar hugmyndir

Illugi hefur lengi haft hug á að koma Tólf keisurum út á íslensku og hafi endað með að ganga sjálfur í verkið.

„Á meðan ég var viðriðinn bókaútgáfu átti ég mér alltaf draum um það að fá einhvern til að þýða þetta, en svo fékkst enginn til þess þannig að ég ákvað bara að gera þetta sjálfur.“

Storytel tók þessari hugmynd minni vel og við fengum meira að segja þýðingarstyrk og þetta er í fyrsta sinn sem hljóðbók fær slíkan styrk, sem mér finnst líka dálítið merkilegt,“ segir Illugi og bætir við að bókinn sé „ekki á leiðinni á pappír í fyrirsjáanlegri framtíð“.

Tólf keisara er býsna mikið verk og verið er að mjatla sögum keisara inn á Storytel. Sesar og Ágústus riðu, eðli málsins samkvæmt, á vaðið, en Tiberius, Kaligúla, Kládius og Neró fylgdu í kjölfarið og þeir sex sem eru eftir eru minna þekktir og reka lestina á miðvikudaginn.

Vera Illugadóttir les sögurnar á móti Illuga, sem segist þó alveg hafa treyst sér í öll ósköpin einn. „Jú, jú, ég hefði svo sem alveg nennt því, en þetta var bara hugmynd hjá Storytel að fá okkur til að gera þetta saman. Vera er þrautþjálfaður og vinsæll lesari og mér fannst þetta bara mjög góð hugmynd.“

Vitfirringur og hegðomatröll

Illuga rekur á gat þegar hann er spurður hvort hann eigi sér einhvern eftirlætiskeisara af þessum tólf. „Það er nú það. Í raun og veru ekki. Þeir áttu allir sínar vondu hliðar og fæinir þeirra áttu nokkrar góðar hliðar líka. En það er eitthvað skemmtilegt við þá alla og ég hafði til dæmis í raun og veru ekkert síður gaman af þessum sem koma í lokin.“

Þeir eru ekkert mjög þekktir en þeir eru alveg jafn skemmtilegir og stórkarlarnir; hinn vandlega vitfirtri Kaligúla, hegðomatröllid Neró eða niðingurinn Tiberius. Þeir hafa allir eitthvað merkilegt við sig. ■

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðaf Bjarnason guðaf@torg.is, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 550 5050: Auður Hünfjörð audur@frettabladid.is, Hjördis Zoéga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is, **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ:** Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is, **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrnarr Helgason hrnarr@frettabladid.is, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is

EITT SETT... TVÖ SETT...
MÖRG SETT!



Hið eina sanna **EITT SETT** fæst nú í bitum.
Gríptu þinn poka í næstu verslun.



Alt að
50%
afsláttur!

SUMMAR ÚTSALA

Sjáðu öll tilboðin á byko.is



20%

Tilboðsverð

Ferðagasgrill

svart 2,93kw.

19.995

50632100

Almennt verð: 24.995

Pú sparar:
5.000



30%

Tilboðsverð

Rafmagnsgrill

Svart og stílhreint með 2200 watta brennara. Með nákvæma hitastjórnun og WAVE™ grillgrindum, þetta grill er tilvalið í ferðalagið.

34.995

506600025

Almennt verð: 49.995

Pú sparar:
15.000



Broil King
Great Barbecues Every Time

Tilboðsverð

Gasgrill

Royal S310 með þremur ryðfríum Dual-Tube™ brennurum og postulíns-húðuðum grillgrindum sem hægt er að snúa við. Grillflötur er 37,5x55cm

59.995

50657513

Almennt verð: 79.995

Kilóvött
8,8

Brennarar
3

25%

Pú sparar:

20.000



Kilóvött
19,6

Brennarar
4+1

28%

Tilboðsverð

Gasgrill

ROGUE XT525 IR. Napoleon grill með fjórum aðalbrennurum og kraft upp á 19,6kw.

144.995

506600046

Almennt verð: 199.995

Pú sparar:
55.000



Kilóvött
19,6

Brennarar
4+1

31%

Tilboðsverð

Gasgrill

ROGUE R525SIB, SIZZLE-ZONE™ hliðarbrennari, grillgrind 73x46cm, grillgrindur úr pottjárni

178.495

506600054

Almennt verð: 258.995

Pú sparar:
80.000



Kilóvött
23,8

Brennarar
3+2

27%

Tilboðsverð

Gasgrill

ROGUE SE425. Glæsilegt gasgrill með þremur aðalbrennurum og infrarauðum hliðar og bakbrennurum. Grillið er matt svart.

174.995

506600075

Almennt verð: 239.995

Pú sparar:

65.000



Verslaðu á netinu á byko.is

KEND
A century of cycling**16"****Tilboðsverð****Barnahjól**

Pro 16" reiðhjól fyrir börn, skærgult á lit. Hjólið hentar vel fyrir börn á aldrinum 4-6 ára. Hjálpardekk fylgja til að hjálpa börnum að læra að hjóla

19.196

49620062A/63A

Almennt verð: 23.995

20%**KEND**
A century of cycling**20"****Tilboðsverð****BMX hjól**

Sterkbyggt 20" BMX úr álblöndu með fram og aftur fótþvílum. Caliper fram og aftur bremsur.

27.995

49620145

Almennt verð: 34.995

20%**24"****Tilboðsverð****Fjallahjól**

Shogun Rock Mountain. Sterkbyggt fjallahjól með 21 girá skiptingu og dempara að framan og aftan.

38.396

49620149

Almennt verð: 47.995

20%**KEND**
A century of cycling**26"****Tilboðsverð****Götuhjól**

700C M Crosstour. Götuhjól með fram og afturbretti, bögglaþera og 21 girá micro shift twist skiptir.

55.196

49620153

Almennt verð: 68.995

20%**PHOENIX****26"****Tilboðsverð****Reiðhjól**

Phoenix Bicycles 26" göturreiðhjól sem hentar vel til hjólréiða innanbæjar. 6 girá Shimano. V-handbremsur, kemur með bögglaþera, brettum og körfu

23.196

49620201

Almennt verð: 28.995

20%**RYOBI****ONE+****35%****x0****Tilboðsverð****Hekklippur**

18V One+ 60 cm HP án rafhlöðu.

27.995

7133004906

Almennt verð: 42.995

Þú sparar:

15.000**RYOBI****ONE+****41%****x0****Tilboðsverð****Sláttuorf**

30 cm 18v án rafhlöðu.

14.295

7133002813

Almennt verð: 24.295

Þú sparar:

10.000**RYOBI****ONE+****34%****x1****Tilboðsverð****Sláttuorf**

30 cm, 18v, 2,5ah rafhlaða.

28.995

7133003709

Almennt verð: 43.995

Þú sparar:

15.000**RYOBI****ONE+****39%****x1****Tilboðsverð****Sláttuorf**

Hybrid + 18v 2,0ah

30.895

7133003710

Almennt verð: 50.895

Þú sparar:

20.000**Einhell**

BRIGGS & STRATTON

Tilboðsverð**Sláttuvél**

Sláttuvél gc-pm 46 B&S 1,65kw. 50L safnpoki.

54.995

748300654

Almennt verð: 79.995

Þú sparar:

25.000**31%****RYOBI****Tilboðsverð****Sláttuvél**

Sláttuvél með 175cc OHC mótör, 46cm sláttubreidd og drifi. 55L safnpoki fylgir með.

94.995

7133003671

Almennt verð: 129.995

Þú sparar:

35.000**27%****BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

550 5000

RITSTJÓRN
ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGAÐEILD
auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN
Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

■ Bakþankar

Óttars
Guðmundssonar



Klókindi

Ég var að vinna í Keflavík fyrir mörgum árum þegar amerískur her var enn á Miðnesheiði. Fjöl-margir störfuðu á vegum hersins og stundum heyrði ég talað um „hírdusama starfsmenn“. Þeir voru sagðir stela öllu sem þeir komu höndum yfir á herstöðinni. Sum heimili voru sneisafull af alls konar glingri og drasli frá Kananum sem hinir „hírdusömu“ voru taldir hafa tekið ófrjálsri hendi.

Mér datt þetta í hug á yfirstöðnu Evrópumóti í fótbolta. Margir leikmenn lögðu sig alla fram við að blekkja dómara með leikrænum tilburðum. Stórir og stæðilegir karl-menn hrundu niður eins og skotnir svanir við minnstu snertingu. Tilgangurinn var að fá ódýra aukaspurnu eða viti í tvísýnum leik. Lýsendur leikjanna kölluðu þessar blekkingar „klókindi“ og dáðust að óheiðarleika þessara manna. Fremstir meðal jafningja í þessu fótboltasvindli voru Engendingar sem virtust vera með niðurfalls-sýki. Þeir dattu eftir pöntun og heimtuðu dómaraflaut. Engendingar unnu einmitt Dani með slíku dramatísku leikatriði. „Klókindi“ viðkomandi leikmanns voru lofuð í hástert af sjónvarpsmönnum.

Hvað eiga þjálfarar í yngri flokkunum að gera? Ráðleggja lærisveinum sínum klókindi og gera allt til að blekkja dómara? Láta sig detta með tilþrifum í tíma og ótíma? Hvað varð um íþrótt-andann? Helgar tilgangurinn alltaf meðalið? Á að skilgreina svindl sem klókindi? Mestu skipti að allt fór vel að lokum. Baráttuglaðir Ítalir sigruðu. Enskir fóru sneypfir og grátandi heim eins og forðum þegar þeir sigldu með herflota sinn frá Íslandsmiðum. Hallgrímur Pétursson kemur upp í hugann þegar hann segir:

Sjá hér hvað illan enda ótryggð og svikin fá. ■

© Inter IKEA Systems BV, 2021

ÚTSALAN

er í fullum gangi

SUMARFRÍ
4 VIKUR
26 kr.
AFSLATTUR
Skráðu þig á orkan.is